# FRÉTTABLAÐIÐ

90. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 18. APRÍL 2019


## Gjörgæslan gæti tekið mun fleiri

**HEILBRIGÐISMÁL** Skortur á starfsfólki er ástæða fyrir plássleysi gjörgæsludeildar Landspítalans, segir deildarstjóri gjörgæslu við Hringbraut. Fresta þurfti tíu aðgerðum á spítalanum fyrstu þrjá mánuði ársins vegna plássleysisins.

Greint var frá því í gær að á mánudaginn hefði aðgerð á sjö mánaða stúlku verið frestað og var foreldrum stúlkunnar tjáð að ástæðan væri plássleysi á gjörgæsludeild. Aðgerðinni var frestað til loka mánaðarins og hvatti starfsfólk foreldrana til að skrifa heilbrigðisráðherra bréf vegna málsins.

Faðir stúlkunnar, Ásgeir Yngvi Ásgeirsson, sagði við Fréttablaðið að ekki væri við starfsfólk Landspítalans að sakast: „En að þurfa að fresta þessu [aðgerðinni] aftur vegna plássleysis á spítalanum, þetta er orðið mjög erfitt.“

„Málið snýst ekki um pláss í sjálfu sér, það eru rúm til staðar, þetta snýst um mönnun. Ég myndi telja að við gætum auðveldlega tekið níu sjúklinga til viðbótar á gjörgæsluna en við erum bara með opið fyrir sjö vegna mönnunar,“ segir Árni Már Haraldsson, deildarstjóri gjörgæslu við Hringbraut.

Er þá aðallega um að ræða skort á hjúkrunarfræðingum. „Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að það er ekki hægt að gera fleiri aðgerðir.“

Skortur á hjúkrunarfræðingum hefur víðtæk áhrif á starfsemi Landspítala. Þó svo að fresta hafi þurft aðgerðum vegna skorts á hjúkrunarfræðingum á gjörgæslu, þá er birtingarmynd þessa vanda alvarlegust á bráðamóttöku.

„Viðunandi mönnun hjúkrunarfræðinga er grundvallarforsenda þess að Landspítali geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu,“ ítrekaði hjúkrunarráð Landspítala á dögunum. **– ab, khn**

## Minni þörf á vinnuafli að utan

**KJARAMÁL** Þær hækkanir á lægstu launum, sem kveðið er á um í nýjum kjarasamningum, eru til þess fallnar að verðleggja hluta af erlenda vinnuaflinu hér á landi út af vinnumarkaðinum. Þannig munum við ekki sjá sömu krafta og áður ýta hagkerfinu áfram, að sögn Ásgeirs Jónssonar, forseta hagfræðideildar Háskóla Íslands.



**Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands.**

„Núna, með því að hækka lægstu taxtana, má segja að þessi leið sem mörg fyrirtæki hafa farið, það er að segja, að flytja inn erlent vinnuafl í miklu magni og láta það vinna á lágmarkstöxtum, sé ekki jafn greið. Líklega munu mörg fyrirtæki reyna að auka sjálfvirkni eins og við sjáum í Krónunni og Bónus en þetta mun breyta ansi miklu fyrir vöxt ferðaþjónustunnar.“ **– þfh**

# Skilnaður er sorgarferli



Farsælt hjónaband krefst mikillar vinnu. Stundum fjarar ástin út og einstaklingar í ástarsambandi vaxa í sundur. Skilnaði fylgir erfitt ferli sem snertir alla í fjölskyldunni, á mismunandi hátt. Mikilvægt er að hlúa bæði að sjálfum sér og sínum nánustu.

→ 10, 12

**Árið 2017 var metár í skilnuðum á Íslandi.**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Haraldur Benediktsson skrifar um 3. orkupakkann. 16

**SPORT** Það gætu tveir bikarar fara á loft í dag hjá Val. 18

**MENNING** Kór Neskirkju fagnar vori með tónleikum annan í páskum. 24

**LÍFIÐ** Ieda Herman er ævintýrakona á tíræðisaldri. 28

**LÍFIÐ** Vel hefur verið fylgst með hertogaynjunni af Sussex, Meghan, undanfarna mánuði, en hún gengur með sitt fyrsta barn. 30




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Sunnan 8-13 í dag og dálítil væta, en þurrt og bjart á Norður- og Austurlandi. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 22

# Samkeppni um nýja kirkjuspíru

**FRAKKLAND** Arkitektum heimsins var í gær boðið að taka þátt í samkeppni um hönnun nýrrar kirkjuspíru fyrir Notre Dame kirkjuna í París eftir að sú gamla gjöreyðilagðist í bruna vikunnar. Édouard Philippe forsætisráðherra greindi frá þessu á blaðamannafundi í gær.

„Frakkar leita nú að nýrri kirkjuspíru sem endurspeglar tækni og áskoranir okkar tíma,“ hafði France 24 eftir Philippe en Emmanuel Macron forseti hét því að kirkjan yrði endurreist innan fimm ára og yrði þá enn fegurri en hún var.

Endurreisnarverkefnið verður langt og flókið. Svo virðist hins vegar ekki sem fjármagn verði af skornum skammti. Franskir auðjöfrar og fyrirtæki hafa keppst við að heita fé til verkefnisins og hefur um einn milljarður evra safnast. **– þea**

# Vandasamt val




Páskahátíðin er hafin og um leið sá tími árs er Íslendingar sporðrenna súkkulaðieggjum í tonnavís. Fyrstu súkkulaðieggin voru, samkvæmt Vísindavefnum, fyrst boðin til sölu árið 1920 hjá Björnsbakaríi. Líkur eru á að þessi hefð eigi rætur að rekja til Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Símanotkun undir stýri dregst saman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fleiri snappa undir stýri

**UMFERÐ** Fleiri framhaldsskólanemendur senda Snapchat-skilaboð eða leita að upplýsingum á netinu undir stýri en fyrir þremur árum. Þetta kemur fram í nýrri könnun Sjóvár. Þeim hefur hins vegar fækkað um sex prósent sem senda eða skrifa smáskilaboð undir stýri. Þeim hefur einnig fækkað umtalsvert sem tala í síma undir stýri án handfrjáls búnaðar, eða um 14 prósent.

Í tilkynningu frá Sjóvá segir að þetta sé í fyrsta skipti frá því snjallsímavæðingin hófst sem notkun undir stýri dregst saman en tryggingafélagið hefur látið gera sambærilegar kannanir áður.

Könnunin náði til allra framhaldsskólanema á landinu og var framkvæmd af Rannsóknum og greiningu við Háskólann í Reykjavík. **– aá**


KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN


# Reykjaneshöfn stendur ekki undir sér óbreytt

**Þrátt fyrir að Reykjanesbær hafi sett tæplega tvö hundruð milljónir króna inn í rekstur Reykjaneshafnar í fyrra var reksturinn neikvæður um 44 milljónir króna. Hafnarstjóri segir höfnina ekki rekstrarhæfa í óbreyttri mynd.**

**STJÓRNSÝSLA** Reykjaneshöfn er ekki rekstrarhæf að óbreyttu að mati hafnarstjóra en höfnin var rekin með 44 milljóna króna tapi í fyrra þrátt fyrir að Reykjanesbær hafi fengið leyfi sveitarstjórnarráðuneytisins til að leggja inn 191 milljónar króna framlag til hafnarinnar.

Fjármagnsliðir, það eru greiðslur vaxtaberandi skulda, námu 348 milljónum króna í fyrra. Hagnaður fyrir afskriftir og vexti var hins vegar aðeins 158 milljónir og hrökkva þær skammt til að höfnin eigi fyrir skuldum.

Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri segir höfnina ekki rekstrarhæfa að óbreyttu. „Reksturinn sjálfur stendur þannig séð undir sér. Tekjur hafnarinnar eru um 160 milljónum króna hærri en gjöldin og því framlegðin ágæt. Hins vegar eru vaxtaberandi skuldir hafnarinnar þannig að úr þarf að bæta,“ segir Halldór Karl.

Til að reksturinn borgi sig þarf að reyna að lækka skuldirnar með einhverjum ráðum eða hækka tekjur hafnarinnar.“

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir Reykjanesbæ hafa fengið leyfi frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála til að leggja höfninni til 191 milljón króna til að laga reksturinn. Þrátt fyrir það var höfnin rekin með 44 milljóna króna tapi.

„Okkar eina von til að þetta gangi er að auka tekjur hafnarinnar með aukinni skipakomu og upp- eða útskipun verðmæta frá höfninni. Þetta er búið að vera svona í langan tíma en við vonum að á næstu árum verði hægt að snúa taflinu við,“ segir Kjartan Már. „Tekjur hafnarinnar standa undir venjulegum rekstri en skuldirnar eru það sem sligar reksturinn of mikið.“



Reykjaneshöfn þykir ekki rekstrarhæf að óbreyttu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Tekjur hafnarinnar standa undir venjulegum rekstri en skuldirnar eru það sem sligar reksturinn of mikið.**
>
> Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum mega hafnir sveitarfélaga ekki vera reknar með tapi í þrjú ár í röð. Ef það gerist þarf sveitarfélagið að taka reksturinn yfir og færa hann yfir úr B-hluta rekstursins. Reykjaneshöfn hefur í fjölda ára verið rekin með tapi en Kjartan segir sveitarstjórnarráðuneytið veita þeim leyfi til að halda þessu áfram í að minnsta kosti þrjú ár í viðbót. „Við höfum fengið leyfi frá ráðuneytinu til þess að halda áfram og vonum að reksturinn batni á næstu þremur árum. Einnig fengum við leyfi ráðuneytisins til að setja inn í reksturinn 191 milljón króna til að greiða skuldir hafnarinnar.“

sveinn@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
blómaval

Sjá afgreiðslutíma um páskana á husa.is

# PÁSKATILBOÐ

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

Pottaplöntur og pottar
25% afsláttur

Páskaskraut og kerti
25% afsláttur

Öll LADY málning
25% afsláttur

33% afsláttur
Páskaliljur, 10 stk.
999 kr
~~1.490 kr~~

50% afsláttur
Sýpris
999 kr
~~1.990 kr~~
80-100 cm

OUTBACK
18.990 kr
~~23.990 kr~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

OUTBACK
29.990 kr
~~39.990 kr~~
**Gasgrill, 3ja brennara**
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393

Broil King
49.990 kr
~~61.990 kr~~
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr steypujárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317

IKRA mogatec
6.995 kr
Sjáðu verðið!
**Rafmagnshekkklippur**
550W, rafmagnshekkklippur, blað 45 cm, klippigeta 16 mm.
5083759

LG 65" LG UHD TV
Sjáðu verðið!
Aðeins í Skútuvogi og husa.is
36% afsláttur
119.990 kr
~~189.990 kr~~
**Snjallsjónvarp** LG 65UK6300
LG 65", UHD Smart sjónvarp.
1860067

30% afsláttur
27.293 kr
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m, með öryggisneti**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

Evrópskt gæðamerki á ótrúlegu verði
Skoðaðu allt úrvalið á **husa.is**
AUTHOR SILVERBACK
Krakkahjól 24"
37.520 kr
~~46.900 kr~~
**Reiðhjól A-Matrix**
24" A-Matrix, 10" grind, Shimano 18 gíra, Tektro V-bremsur, grátt/grænt.
3901375

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Málum um ofbeldi gegn lögreglu fjölgar milli mánaða

**LÖGREGLUMÁL** Skráð mál um ofbeldi gagnvart lögreglumönnum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa verið 25 prósentum fleiri það sem af er ári, miðað við sama tímabil síðustu þriggja ára. Ellefu slík mál voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í mars og hafa ekki verið fleiri síðan í nóvember 2016. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir febrúarmánuð.

Öðrum ofbeldisbrotum fækkaði hins vegar í febrúar miðað við síðustu mánuði á undan og hafa skráð ofbeldisbrot ekki verið færri síðan í febrúar 2017.

Fíkniefnabrotum, fíkniefnaakstri og ölvunaraksturbrotum fjölgaði líka mikið í síðasta mánuði. Marsmánuður var metmánuður í skráðum fíkniefnaakstursmálum þegar skráð voru 186 slík mál. Fleiri mál hafa ekki verið skráð í einum mánuði frá því lögum og verklagi lögreglu vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna var breytt árið 2006, en í þarsíðasta mánuði voru málin litlu færri eða 184. Í samantekt lögreglu um tölfræðina kemur einnig fram að skráð mál ölvunar- og fíkniefnaaksturs á fyrstu þremur mánuðum ársins eru tæplega fimmtíu prósent fleiri en á sama tímabili síðustu þrjú ár.

Tilkynningum um þjófnaði fjölgaði einnig milli mánaða og hlutfallslega er fjölgunin mest vegna farsíma og reiðhjóla. Tilkynningum um innbrot fækkaði hins vegar í samanburði við tölur síðustu sex og tólf mánaða. **– aá**




**Fíkniefnabrotum fjölgaði mikið í marsmánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Íslendingar eyddu 200 milljörðum í útlöndum

**FERÐALÖG** Íslendingar fóru í 668 þúsund ferðir til útlanda í fyrra. Útgjöld þeirra, eða „innflutningur á erlendri ferðaþjónustu“ á erlendri grundu, námu 199 milljörðum króna, samkvæmt Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF).

Meðalútgjöld í ferð námu 297 þúsund krónum, og voru aðeins lægri en árið á undan.

Eyðsla Íslendinga í útlöndum var töluvert meiri en meðalútgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi, en þeir eyddu að jafnaði 144 þúsund krónum á Íslandi. Árið 2009 var sú tala 184 þúsund krónur.

Í greiningu SAF segir að hærri útgjöld Íslendinga skýrist að miklu leyti af lengd dvalarinnar. Íslendingar dvelja að meðaltali um 19 nætur í utanlandsferð en meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Íslandi nam 6,3 dögum í fyrra.

Íslendingar keyptu flugmiða fyrir 9 milljarða króna í fyrra af erlendum flugfélögum. Fram kemur hjá SAF að Íslendingar velji helst að ferðast með innlendum flugfélögum en bent er á að það geti verið að breytast. Sennilega er þar vísað í gjaldþrot WOW air. **– bg**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.

# Ekki jafn fýsilegt og áður að sækja erlent vinnuafl að utan

**Launahækkanir samkvæmt nýjum kjarasamningum eru líklegar til þess að draga úr eftirspurn eftir erlendu vinnuafli. Hefur þannig mikil áhrif á ferðaþjónustuna að sögn hagfræðings.**

**VIÐSKIPTI** Þær hækkanir á lægstu launum, sem kveðið er á um í nýjum kjarasamningum, eru til þess fallnar að verðleggja hluta af erlenda vinnuaflinu hér á landi út af vinnumarkaðinum. Þannig munum við ekki sjá sömu krafta og áður ýta hagkerfinu áfram að sögn Ásgeirs Jónssonar, forseta hagfræðideildar Háskóla Íslands.

„Áður fyrr var mikið um yfirborganir og það var eiginlega enginn á taxtakaupi. Þess vegna lögðu verkalýðsfélögin ekki svo mikla áherslu á lægstu taxta. Þau horfðu fremur til þess að tryggja atvinnu og halda atvinnuleysi lágu,“ segir Ásgeir í samtali við Fréttablaðið. Hann bendir á að síðustu ár hafi mikið af erlendu vinnuafli verið flutt inn og unnið á taxtakaupi.

„Núna með því að hækka lægstu taxtana má segja að þessi leið sem mörg fyrirtæki hafa farið, það er að segja, að flytja inn erlent vinnuafl í miklu magni og láta það vinna á lágmarkstöxtum, sé ekki jafn greið. Líklega munu mörg fyrirtæki reyna að auka sjálfvirkni eins og við sjáum í Krónunni og Bónus en þetta mun breyta ansi miklu fyrir vöxt ferðaþjónustunnar.“



**Atvinnuleysi hjá erlendu vinnuafli hefur aukist.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda atvinnulausra á Ísland hi**




**36%** var hlutdeild útlendinga í atvinnuleysi í febrúar.

Hlutfall útlendinga af heildarfjölda atvinnulausra á Íslandi hefur vaxið síðustu misseri. Hlutfallið nam 28 prósentum í ársbyrjun 2018 en jókst jafnt og þétt, og var komið í 36 prósent í febrúar 2019. Í mars lækkaði það niður í 33 prósent og má ætla að gjaldþrot WOW air í lok mars hafi átt þátt í því.

Ásgeir nefnir að hvergi á meðal aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hafi verið minni launamunur á milli menntaðra og ómenntaðra en á Íslandi.

„Við höfum séð síðustu árin að það hefur verið mikil eftirspurn eftir ófaglærðu vinnuafli en ekki í jafn miklum mæli eftir fólki með háskólagráðu. Það má velta því fyrir sér hversu lengi við hefðum getað haldið áfram á þessari braut. Að fljúga ferðamönnum til landsins í massavís og flytja inn erlent vinnuafl til að þjónusta þá. Í langtímasamhengi er nauðsynlegt að leggja áherslu á gæði fremur en fjölda starfa.“

Samkvæmt nýjum kjarasamningum sem undirritaðir voru í byrjun apríl nema launahækkanir til þeirra sem starfa á töxtum 90 þúsund krónum yfir samningstímann sem nær frá 2019 til 2022. Nú stendur yfir atkvæðagreiðsla um samninginn á meðal aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins.

**thorsteinn@frettabladid.is**

jeep.is
NÝR JEEP® CHEROKEE
PÁSKATILBOÐ
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF




Aukahlutir að verðmæti 730.000 kr.
fylgja öllum nýjum Jeep® Cherokee út apríl.
30” breyting sem innifelur 3,5cm upphækkun,
30” Cooper heilsársdekk og aurhlífar. Losanlegt
dráttarbeisli, gúmmímottur framan og aftan og málmlitur.

JEEP® CHEROKEE LONGITUDE LUXURY VERÐ FRÁ: 7.990.000 KR.
JEEP® CHEROKEE LIMITED VERÐ FRÁ: 9.580.000 KR.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
THERE'S ONLY ONE

# PIER

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn nemur 19,36% sem verslunin sjálf veitir og er greiddur fullur virðisaukaskattur af sölunni

**BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKA**

Skírdagur 18. apríl 12 - 18
Laugardagur 20. apríl 10 - 18, Korputorg 12 -18
Annar í páskum 22. apríl 12 - 18
Föstudagurinn langi 19. apríl LOKAÐ
Páskadagur 21. apríl LOKAÐ

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 18. -24. apríl. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Bakland iðnaðarmanna orðið óþreyjufullt

**KJARAMÁL** „Við förum yfir það með SA að menn væru frekar óþreyjufullir í baklandinu hjá okkur. Við lýstum því yfir að við myndum gefa okkur vikuna eftir páska til að reyna að fá eitthvað fast á borðið,“ segir Kristján Þórður Snæbjarnarson, talsmaður samflots iðnaðarmanna.

Samtök atvinnulífsins (SA) og samflot iðnaðarmanna héldu kjaraviðræðum sínum áfram hjá ríkissáttasemjara í gær. Kristján segir að í rauninni hafi fundurinn verið frekar tíðindalítill.

„Við förum aðeins yfir áhersluatriði sem SA höfðu verið að skoða. Við væntum þess að fá einhverja afstöðu til nokkurra mála sem við fengum svo sem að hluta til þó það hafi ekkert verið fast í hendi,“ segir Kristján.

Fari málin ekki að skýrast í næstu viku þurfi iðnaðarmenn að undirbúa næstu skref. „Við þurfum að komast mjög langt með málin í næstu viku ef við ætlum að halda okkur í þessum gír. Annars eru það bara atkvæðagreiðslur um einhverjar átakalínur.“

Aðilar munu hittast næst á þriðjudaginn en Kristján segist ekki eiga von á því að mikið gerist um páskana. „SA er að kalla eftir einhverjum upplýsingum frá sínu baklandi og við erum að vinna í okkar málum. Vikan eftir páska verður töluverð vinnuvika vona ég.“ **– sar**



**Frá fundinum í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stytti sér aldur fyrir handtöku

**PERÚ** Alan García, fyrrverandi forseti Perú, stytti sér aldur í gær í þann mund sem lögregla mætti á heimili hans til að handtaka hann vegna spillingarásakana. Samkvæmt perúsku fréttastofunni RPP skaut García sig í höfuðið. Hann var fluttur á sjúkrahús í höfuðborginni Lima þar sem hann lést.

Martín Vizcarra, forseti Perú, sagði á Twitter að hann væri miður sín vegna andláts García. „Ég sendi fjölskyldu hans samúðarkveðjur.“

García var sakaður um að þiggja mútur frá brasilíska verktakafyrirtækinu Odebrecht en hafði neitað ásökunum. Samkvæmt því sem Carlos Morán innanríkisráðherra sagði við blaðamenn bað García lögreglumennina um að hann fengi að hringja eitt símtal þegar þeir börðu að dyrum. Því næst gekk hann inn í herbergi, lokaði dyrunum og stytti sér aldur. **– þea**

## Öfgaflokkur ekki með í kappræðum

**SPÁNN** Öfgaíhaldsflokknum Vox hefur verið meinað að taka þátt í einu staðfestu sjónvarpskappræðunum fyrir spænsku þingkosningarnar sem fara fram þann 28. apríl. Yfirkjörstjórn á Spáni tilkynnti um bannið í gær og sagði að þátttaka Vox fæli í sér brot á kosningalögum.

Atresmedia, sjónvarpsstöðin sem heldur kappræðurnar, hafði áður tilkynnt um að Vox fengi að taka þátt í kappræðunum. Þótt Atresmedia ætli að hlýða kjörstjórn sagði stöðin í tilkynningu að það væri besta blaðamennskan, og best fyrir kjósendur, að Vox fengi að taka þátt.

Ákvörðun kjörstjórnar grundvallast á því að Vox fékk engin sæti á spænska þinginu í síðustu kosningum og afar lítinn hluta atkvæða. Samkvæmt könnun sem Demoscopia Servicios birti í gær er fylgi Vox 12,2 prósent. **– þea**

# Afskiptur hópur í kerfinu sem býr við mjög skert lífsgæði

**Löng bið er eftir sérhæfðri þjónustu við vefjagigt sem talið er að um tólf þúsund Íslendingar þjáist af. Framkvæmdastjóri Þrautar, miðstöðvar vefjagigtar og tengdra sjúkdóma, segir þennan hóp afskiptan í heilbrigðiskerfinu. Auka þurfi fjármagnið og hefja skimun svo hægt sé að hjálpa þessum einstaklingum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Vefjagigt er í dag á svipuðum stað og geðsjúkdómar voru kannski fyrir tuttugu árum. Þetta er svolítið afskiptur hópur en hann býr við svakalega skert lífsgæði,“ segir Sigrún Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Þrautar, miðstöðvar vefjagigtar og tengdra sjúkdóma.

Talið er að um tólf þúsund Íslendingar þjáist af vefjagigt en þar af eru rúmlega tvö þúsund metnir með fulla örorku. Langstærstur hluti þeirra er konur en meira en fimmtungur kvenna sem er á örorku þjáist af vefjagigt.

Þraut, sem er fyrsta sérhæfða úrræðið fyrir fólk með vefjagigt, tekur á móti um 250 manns á ári. Hins vegar berast um 370 beiðnir á ári og er biðlistinn alltaf að lengjast.

„Það getur verið tveggja til þriggja ára bið hjá okkur. Við reynum að setja yngstu skjólstæðingana í forgang. Þar erum við með fólk í kringum tvítugt og ef ekkert er gert þá dettur það út af vinnumarkaði meðan það er enn ungt. Þegar einhver er kominn á örorku þá er mjög erfitt að koma honum aftur inn á vinnumarkaðinn,“ segir Sigrún.

Vefjagigt er greind í þrjú stig, væga, meðalslæma og illvíga. Af þeim sjúklingum sem leita til Þrautar eru aðeins fjögur prósent með væga vefjagigt og segir Sigrún að þeir komi allir af sjálfsdáðum en séu ekki sendir af lækni. Um tveir þriðju sjúklinga greinast með illvíga vefjagigt.

„Það er ekki verið að vinna neitt fyrirbyggjandi. Það eru engar skimunaraðgerðir við að reyna að finna þetta fólk áður en það veikist. Fjármagnið sem er sett í þetta er mjög takmarkað en þetta er dýr sjúklingahópur því hann leitar mikið eftir læknisþjónustu,“ segir Sigrún.

Samningur Þrautar við Sjúkratryggingar Íslands sem var fyrst gerður 2011 rann út fyrir rúmu ári og hefur verið framlengdur mánuð í senn síðan þá.

„Við höfum verið kölluð á einn fund í velferðarráðuneytinu á þessum tíma. Við vorum beðin um tillögur sem við sendum en höfum ekki fengið neinar móttillögur. Einu svörin sem við fáum er að málið sé í skoðun.“ Þau hafi heldur ekki verið kölluð til umræðu um hvað þurfi að gera fyrir þennan hóp.

„Ef það er einhver ný sýn á það hvernig á að leysa þetta, þá höfum við aldrei verið kölluð að borðinu til að ræða það.“

Sigrún vill að samningurinn verði framlengdur og stækkaður til þess að hægt sé að vinna á biðlistanum því annars stefni í óefni.

„Við viljum veg þessa hóps sjúklinga sem mestan. Það liggur alveg fyrir að eftir því sem við náum fyrr í einstaklinginn því betri er árangurinn. Við teljum að það þurfi að auka fjármagnið og hefja skimun.“

Starfsemi Þrautar sé rekin á mjög litlu fjármagni en um sé að ræða ódýrt úrræði. „Öll okkar starfsemi er keyrð á einu teymi. Við þurfum að bæta við vegna umfangsins en líka til að koma þessari þekkingu áfram.“ **sighvatur@frettabladid.is**



**Vefjagigt er fjölkerfa sjúkdómur en honum fylgja meðal annars verkir í stoðkerfi og höfði.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Hvað er vefjagigt?

Vefjagigt er fjölkerfa sjúkdómur sem stafar af sjúklegri truflun í miðtaugakerfinu. Truflunin er einna mest í verkjaúrvinnslukerfinu með útbreiddum verkjum í stoðkerfi, höfði, meltingu og oft þvagfærum.

Truflun í ósjálfráða taugakerfinu, skert áreitis- og áreynsluþol, svefntruflanir og óeðlileg þreyta eru einnig hluti af sjúkdómsmyndinni. Birtingarmynd vefjagigtar er mjög breytileg milli einstaklinga.





# Gleðilega páska




Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

## AFGREIÐSLUTÍMI HAGKAUPS UM PÁSKANA

| | Skírdagur 18. apríl | Föstudagurinn langi 19. apríl | Laugardagur 20. apríl | Páskadagur 21. apríl | Annar í páskum 22. apríl |
|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | OPIÐ TIL 24 | OPNAR 24 | OPIÐ TIL 24 | OPNAR 24 | 24 TÍMA |
| GARÐABÆR | OPIÐ TIL 24 | OPNAR 24 | OPIÐ TIL 24 | OPNAR 24 | 24 TÍMA |
| EIÐISTORG | 8-24 | LOKAÐ | 8-24 | LOKAÐ | 8-24 |
| SPÖNG | 8-24 | LOKAÐ | 8-24 | LOKAÐ | 8-24 |
| AKUREYRI | 8-24 | LOKAÐ | 8-24 | LOKAÐ | 8-24 |
| KRINGLAN | 12-18 | LOKAÐ | 10-18 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| SMÁRALIND | 12-18 | LOKAÐ | 10-18 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| NJARÐVÍK | 12-18 | LOKAÐ | 10-18 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| BORGARNES | 12-18 | LOKAÐ | 10-18 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| SELFOSS | 12-18 | LOKAÐ | 10-18 | LOKAÐ | LOKAÐ |

HAGKAUP *Meira* svona *alla daga*

# Jokowi endurkjörinn sem forseti Indónesíu

**Útgönguspár og svokallaðar hraðtalningar bentu til endurkjörs Joko Widodo, forseta Indónesíu, í stærstu kosningunum í sögu landsins. Einnig var kosið til þings og var útlit fyrir að flokkur forseta yrði stærstur. Kosningabaráttan sögð einkennast af kapphlaupi forsetaframbjóðenda til hægri.**

**INDÓNESÍA** Joko Widodo, oftast kallaður Jokowi, var endurkjörinn forseti Indónesíu og flokkur hans PDI-P fékk flest atkvæði í forseta- og þingkosningum sem fóru fram í Asíuríkinu í gær. Þetta sýndu svokallaðar hraðtalningar skoðanakannanafyrirtækja. Opinberar niðurstöður munu að öllum líkindum ekki liggja fyrir fyrr en í maí en þessar hraðtalningar hafa, samkvæmt BBC, reynst nokkuð áreiðanlegar í gegnum tíðina. Þetta var í fyrsta skipti sem forseta- og þingkosningar fara fram á sama tíma.



Joko Widodo virðist ætla að halda forsetastólnum. NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt Asia Elects, sem tekur saman og birtir niðurstöður kannana og kosninga, fékk Jokowi 54,2 prósent atkvæða en andstæðingurinn, Prabowo Subianto úr Gerindra-flokknum, fékk 45,7 prósent atkvæða.

PDI-P fékk sömuleiðis flest atkvæði í þingkosningum eða 19,49 prósent. Gerindra fékk 12,5 prósent og Golkar 12,5. Þá fékk PKB 9,8 prósent en aðrir flokkar minna.

„Við höfum nú séð niðurstöður hraðtalninga og útgönguspáa en við þurfum að vera þolinmóð. Verum þolinmóð og bíðum eftir opinberum niðurstöðum frá kjörstjórn," sagði Jokowi við stuðningsmenn sína.

Prabowo sagði hins vegar að tölurnar sem birtust í gær rímuðu ekki við gögn framboðsins. Samkvæmt þeim leit út fyrir að Prabowo myndi hafa betur. Hann hvatti stuðningsmenn sína til að vera vakandi fyrir því að kosningunum gæti verið stolið.

Jokowi og Prabowo öttu einnig kappi í síðustu forsetakosningum, árið 2014. Þá fékk Joko 53 prósent atkvæða, Prabowo 47 prósent.

Tölfræðin á bak við kosningarnar er sláandi. Alls eru 192.866.254 á kjörskrá og kjörstaðir eru 809.500. Kosið er um 20.500 sæti, frambjóðendur eru rúmlega tífalt fleiri og tuttugu flokkar eru í framboði.

Breska ríkisútvarpið hafði eftir stjórnmálaskýrendum að sáralítill munur væri á stefnu frambjóðendanna tveggja. Þeir reyndu því að afla sér stuðnings með því að sýna hversu trúaðir þeir eru. „Kosningarnar eru kapphlaup til hægri. Þeir keppa um hvor er meiri íslamskur íhaldsmaður," hafði BBC eftir Made Supriatma, sérfræðingi hjá ISEAS-Yusof Ishak stofnuninni.

**54,2%**

**greiddu Joko Widodo atkvæði sitt.**

> **Verum þolinmóð og bíðum eftir opinberum niðurstöðum.**
>
> Joko Widodo, forseti Indónesíu

Munurinn á frambjóðendum liggur einna helst í rótum þeirra. Jokowi er fyrsti forseti Indónesíu sem kemur hvorki úr valdafjölskyldu né hernum, samkvæmt Foreign Policy, en Prabowo var bæði hershöfðingi og tengdasonur Suharto, forseta Indónesíu frá 1968 til 1998. Þá hefur Prabowo einnig lofað að vinda ofan af loforðum Jokowi um kínverskar fjárfestingar í Indónesíu.

Frambjóðendur hafa hins vegar ekki sýnt réttindum frumbyggja Indónesíu nokkra athygli, að því er kemur fram í umfjöllun Foreign Policy. Blaðamaður tímaritsins fjallaði þar sérstaklega um Iban Dayak-þjóðflokkinn, sem telur um 750.000 manns, og pálmaolíuvinnslu sem stjórnvöld heimiluðu á svæðinu þar sem þjóðflokkurinn hefur átt heima í aldaraðir. Ledo Lestari, fyrirtækið sem sér um vinnsluna, hefur sölsað undir sig svæðið, rutt skóga og þannig stórskaðað samfélag Iban Dayak-fólksins. **thorgnyr@frettabladid.is**




## Jafnréttissjóður Íslands

Umsóknarfrestur til **20. maí**

**Rannís auglýsir eftir umsóknum í Jafnréttissjóð Íslands**

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður 2015 í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli íslenskra kvenna. Tilgangur sjóðsins er að fjármagna verkefni og rannsóknir sem auka jafnrétti kynjanna í samræmi við þingsályktanir um sjóðinn.

Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 milljónir króna á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Úthlutað er úr sjóðnum 19. júní ár hvert.

**Umsóknarfrestur rennur út 20. maí 2019 kl. 16.00.**
Umsóknum skal skila á rafrænu formi í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.

Nánari upplýsingar og reglur um sjóðinn er að finna á www.rannis.is

JAFNRÉTTISSJÓÐUR ÍSLANDS

rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun






Opið fyrir þig

Háaleitisbraut 68
Sími: 581 2101
www.apotekarinn.is

Apótekarinn Austurveri

# KRÓNAN

# OPIÐ Í DAG
## skírdag

Í öllum verslunum
Krónunnar

**Opið**
**um páskana**
í völdum verslunum
sjá nánar á
**kronan.is**




Grænn aspas, búnt
**799** kr. pk.

Parma skinka
**669** kr. pk.

Frosin nautalund, þýsk
**3990** kr. kg

Mini marengs, 6 stk.
**889** kr. pk.

 Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



# Skilnaður er ólíkt ferðalag einstaklinga

**Tíðni skilnaða – úr gögnum Þjóðskrár**

■ Lögskilnaður ■ Skilnaður að borði og sæng




■ Árið 2017 var metár í tíðni bæði í hjónaböndum og skilnuðum. Þá giftust 3.940 manns og 1.370 skildu. Var það aukning um 50 manns frá því árinu 2016. Í fyrra gengu 3.879 einstaklingar í hjónaband og 1.276 skildu. Algengast er að fólk á aldrinum 40 til 49 ákveði að slíta samvistum. Einnig hefur orðið aukning í aldurshópnum 30 til 39 ára á stuttu tímabili.

## Þrjár meginástæður skilnaðar

**Einmanaleiki**
Ólíkar væntingar til parsambands og samskipti á mismunandi bylgjulengdum þar sem boðskapur kemst ekki til skila.

**Sinnuleysi**
Fólk setur parsamband sitt allt of oft í aftasta sæti. Að rækta samband er ekki endilega að eiga stefnumótakvöld eða skipuleggja flugeldasýningu. Hlustun, athygli, áhugi og forvitni eru lykilhráefni þegar kemur að því að rækta sambandið við makann.

**Framhjáhald**
Ein af ástæðum framhjáhalds er að fólk hefur gefist upp á að láta parsambandið sitt ganga. Það er jafnvel búið að upplifa einmanaleika allt of lengi, festist í rútínu og viðjum vanans og verður jafnvel feimið við að brjóta upp áralangar leiðinlegar hefðir. Svo kemur allt í einu einhver sem sýnir þér áhuga og athygli og í bland við lífeðlislega hrifningu, er tekin ákvörðun um framhjáhald sem hefur afleiðingar.

**Að skilja er stórt verkefni sem tekur mikið á einstaklinginn, parið fyrrverandi, börnin og aðra nána ættingja. Algengustu árekstrar í skilnaði eru samskiptalegs eðlis en til þess að ferlið gangi sem best er mikilvægt að hlúa að sjálfum sér og átta sig á að ólíkar tilfinningar eru ríkjandi hjá báðum.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Skilnaðir eru nokkuð tíðir hér á landi. Það er sárt að slíta samvistum við maka sinn, sér í lagi þegar börn eru í spilinu og við tekur erfitt ferli. Þegar leiðir skilja leggur fólk upp í ólíkt ferðalag og fer það eftir því hver átti frumkvæði að skilnaðinum og hverjar voru ástæðurnar.

Þetta segja Hrefna Hugosdóttir og Ragnhildur Bjarkadóttir, sálfræðingar hjá fyrirtækinu Auðnast, sem þjónustar fólk og fyrirtæki um allt er varðar heilsutengda þætti.

Aðilinn sem ekki vildi skilja ferðast fyrst með höfnun í farteskinu og reynir jafnvel ítrekað að leita skýringa á því hvað fór úrskeiðis. Það getur haft mikil áhrif á sjálfsmyndina. Í kjölfarið kemur oft reiði og loks vonleysi en síðan fer að birta til og allt horfir til betri vegar. Mikilvægt er að leyfa sér að fara í gegnum þann tilfinningarússíbana sem skilnaður er, að upplifa allar óþægilegu tilfinningarnar. Sú leið er líklegust til þess að ná jafnvægi og sáttum á endanum.

Aðilinn sem hafði frumkvæðið að skilnaðinum hefur yfirleitt mikið samviskubit yfir því að hafa brotið upp eininguna. Sá fyllist gjarnan sjálfsásökunum og efasemdum um hvort ákvörðunin hafi verið rétt. Þöknun og tilhneiging til að láta undan kröfum fyrrverandi maka, í þeim tilgangi að bæta fyrir samviskubitið, er algengt og verður oft til þess að það hallar á þann sem vildi skilja þegar kemur að úrvinnslu og praktískum málum.

„Eitt af því sem ratar oft inn á borð Auðnast er skilnaður og afleiðingar í kjölfar skilnaðar. Staðreyndin er nefnilega sú að þegar fólk skilur hefur það tímabundin áhrif á öll hlutverk lífsins, og þótt makahlutverkið sé kvatt þarf áfram að sinna foreldrahlutverki og starfshlutverki svo fátt eitt sé nefnt. Auðnast sérhæfir sig í fjölskyldu- og parameðferð sem og öðru sem tengist einkalífinu,“ segir Ragnhildur.

„Algengustu árekstrarnir í skilnaði eru samskiptalegs eðlis. Maki fer til að mynda að gefa sér hugsanir hins aðilans og ætla honum ákveðinn tilgang. Staðreyndin er hins vegar sú að ólíkar tilfinningar eru ríkjandi hjá báðum aðilum sem leiðir til þess að túlkun, afstaða og viðbrögð í samskiptum litast af því. Praktískir þættir valda því miður oft árekstrum því tilfinningaleg viðbrögð eru ekki langt undan. Ástæðan fyrir praktískum árekstrum í samskiptum er einnig sú að við skilnað er oft margt ósagt og skortir oft farveg fyrir slík samskipti. Annar aðilinn vill ræða málin og eiga uppgjör á meðan hinn vill horfa til framtíðar.“

Þegar fólk hefur ákveðið að leiðir skilji er mikilvægt að sýna sjálfum sér umburðarlyndi og skilning og sömuleiðis fyrrverandi maka.

„Að skilja er stórt verkefni sem tekur mikinn toll af einstaklingnum, parinu fyrrverandi, börnunum og öðrum nánum ættingjum,“ segir Ragnhildur. „Ef börn eru á heimilinu skiptir máli að undirbúa vel samtal og framkvæmd í kjölfar þess. Þó ber að hafa í huga að börn eru misjöfn og á ólíkum aldri og því fer úrvinnsla fram með ólíkum hætti.“

Fólk þarf að huga vel að grunnþörfum sínum. Það er nánast undantekningarlaust að svona ferli komi verulega niður á svefni og matarlyst minnkar oft. Sumir reyna að hafa sem mest fyrir stafni til að dreifa huganum á meðan aðrir upplifa lamandi tilfinningu og aðgerðaleysi. „Hér þarf að hlúa að grunnþörfum á raunhæfan hátt. Sofa þegar tækifæri gefst til og borða það sem mann langar í. Hér skiptir tími miklu máli því hann læknar hjartasár,“ segir Ragnhildur.

Gott sé að kortleggja stuðning úr nánasta umhverfi. „Hverjir eru líklegir til að reynast manni vel? Það eru ekki endilega þeir sem eru fyrstir með ráðin heldur frekar þeir sem hlusta án þess að dæma og leyfa þeim sem er að skilja að fara í gegnum öldur og dali. Fólk hefur ríka tilhneigingu til að mynda sér skoðun eða vita hvað er öðrum fyrir bestu. Það er yfirleitt ekki heillavænlegt á þessu stigi máls,“ segir Hrefna.

Mikilvægt sé að gera sér grein fyrir að margir praktískir þættir eru fyrirferðarmiklir og geta reynst erfiðir þegar tilfinningar eru sterkar. „Það sem við getum ráðlagt fólki sem er að skilja er að leita til fagaðila. Vinir og ættingjar eru vissulega frábært stuðningsnet þegar kemur að umhyggju og praktískum þáttum en þegar kemur að tilfinningalegri úrvinnslu er betra að leita til fagaðila.“

Nýverið tóku í gildi ný lög í Danmörku þar sem barnið er í forgrunni við skilnað, fagleg ráðgjöf hjá hinu opinbera stendur foreldrunum sem standa frammi fyrir skilnaði til boða. „Við Íslendingar ættum að fjárfesta í þessu.“

## Boðorðin fimm

**Hrefna og Ragnhildur settu saman fimm ráð sem gott er að tileinka sér í erfiðu ferli skilnaðar.**

**1 Þú þarft að tileinka þér þolinmæði.** Erfið verkefni taka á og ekki er hægt að stytta sér leið í gegnum erfiðar tilfinningar. Góðar líkur eru á því að þú sért að skilja í fyrsta sinn við þennan maka og þá hefur þú engar leiðsagnarreglur um hvað sé best í stöðunni.

**2 Umburðarlyndi og skilningur.** Fyrrverandi maki þinn er að fara í gegnum aðra lífsreynslu en þú með ólíkum tilfinningum og hugsunum. Hvorugt ykkar hefur réttara fyrir sér – þetta eru ólík sjónarhorn sem taka þarf tillit til.

**3 Spurðu þig á hverjum degi: Á hverju þarf ég að halda í dag?** Hvaða verkefni bíða mín, get ég framkvæmt þau í dag eða er betra að bíða til morguns? Spurðu líka: Hvað varð til þess að þú komst í gegnum þennan dag?

**4 Settu þér markmið um hvernig þú vilt sjá líf þitt eftir ár.** Hvar viltu vakna, hvernig viltu hafa daginn þinn, hvernig viltu hugsa til baka og rifja upp þessa tíma.

**5 Dreifðu huganum.** Farðu í göngutúr, hringdu í vin, horfðu á sjónvarpið, dustaðu rykið af áhugamáli, lestu. Ekki endilega treysta löngunartilfinningunni þinni – stundum þarf mann ekki að langa, það þarf bara að gera.

> **Hér þarf að hlúa að grunnþörfum á raunhæfan hátt. Sofa þegar tækifæri gefst til og borða það sem mann langar í.**
>
> Ragnhildur Bjarkadóttir, sálfræðingur








## Rafræn kosning um kjarasamning stendur nú yfir

**Hafðu áhrif – Greiddu atkvæði á www.efling.is**

Kosningarétt hafa allir sem starfa undir kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins.

Ríkið, hjúkrunarheimili, leikskólar og starfsmenn sveitarfélaga eru ekki þar á meðal.

*Samtakamáttur er okkar sterkasta vopn*

EFLING
STÉTTARFÉLAG
*Barátta fyrir betra lífi*

# Góður svefn er lífsnauðsyn

Það er víst aldrei nógu oft kveðin sú vísa að svefninn er okkur öllum mikilvægur, bæði andlega og líkamlega. Það er á þessum tíma sem líkaminn endurnærist og hleður batteríin svo við getum tekist á við næsta dag full af orku og fagnað þeim verkefnum sem hann færir okkur. Þegar við höfum upplifað það að vera svefnlaus skiljum við vel hversu stórt hlutverk í okkar daglega lífi svefninn spilar og skyldi maður ekki taka honum sem sjálfsögðum hlut, sérstaklega þegar við eldumst. Þá er hann afar mikilvægur þegar við erum undir hvers kyns álagi.

Eitt af stærstu heilsufarsvandamálum samtímans er svefnleysi og svefntruflanir en við þekkjum ótalmargar birtingarmyndir þessa. Ef við reynum að skilgreina svefnraskanir almennt þá má segja að það sé ástand sem hefur áhrif á hversu mikið og hversu vel einstaklingurinn sefur og þar af leiðandi getur það haft áhrif á hann til skemmri og lengri tíma. Svefnmunstur og svefnvenjur eru líklega stærsti þátturinn í vanda þeirra sem glíma við slíkar raskanir og oftsinnis gera einstaklingar sér ekki grein fyrir því og þurfa aðstoð til að breyta venjum sínum.

Það er hægt að skipta svefnvandamálum í tilfallandi, sem standa í viku eða skemur, bráðan svefnvanda, sem stendur í mánuð eða skemur, og svo krónískar svefntruflanir sem standa lengur yfir. Allar eiga það sammerkt að geta haft veruleg áhrif á andlega og líkamlega líðan, en orsakir og meðhöndlun geta verið mjög mismunandi. Algengar orsakir sem tengjast vanahegðun og er tiltölulega auðvelt að breyta til hins betra eru til dæmis kaffi- eða koffíndrykkja seinnipart dags eða að kvöldi, reykingar, áfengisdrykkja, sjónvarpsgláp eða tölvunotkun fyrir svefn, þungar og kryddaðar máltíðir að kvöldi, að sofna með ljósin kveikt, lítil eða ónóg líkamleg hreyfing, of mikil líkamsþjálfun sérstaklega stuttu fyrir svefn, óreglulegur háttatími og vaktavinna. Þetta er meðal þess sem getur haft verulega slæm áhrif á svefninn okkar.

**Svefnmunstur og svefnvenjur eru líklega stærsti þátturinn í vanda þeirra sem glíma við slíkar raskanir og oftsinnis gera einstaklingar sér ekki grein fyrir því og þurfa aðstoð til að breyta venjum sínum.**

Undirliggjandi sjúkdómar eða vandamál eru til dæmis kæfisvefn, sem er oft vangreindur, verkjaheilkenni ýmiss konar, fótaóeirð, geð- og kvíðasjúkdómar, hormónaójafnvægi kvenna við tíðahvörf eða á meðgöngu, skjaldkirtilstruflanir, brjóstsviði, fíkniheilkenni, streita og álag tengt vinnu eða samskiptum geta einnig haft veruleg áhrif á svefn og svona mætti eflaust lengi telja.

Þeir sem eru vansvefta eru í aukinni hættu á að glíma við truflun á einbeitingu og þannig standa sig verr í vinnu og þeir geta verið beinlínis hættulegir við stjórnun ökutækja. Þeir eru líklegri til að eiga í samskiptaerfiðleikum, vera uppstökkir og með lyndisraskanir. En fyrir utan þessa upptalningu eru svefntruflanir áhættuþáttur fyrir þróun alvarlegra sjúkdóma eins og til dæmis sykursýki, hjarta- og æðasjúkdóma og heilabilunar.

Greining á svefnvanda fer fyrst og fremst fram með svefndagbók til að átta sig á hegðunar- og neyslumynstri einstaklingsins. En einnig undirliggjandi sjúkdómum og lyfjanotkun og svo með flóknari aðferðum eins og svefnriti sem getur greint á milli mismunandi orsaka eins og til dæmis kæfisvefns. Meðferð við slíkum truflunum byggir vitaskuld á eðli þeirra truflana sem við er að eiga hverju sinni en góður árangur næst með því að breyta út af slæmum venjum, borða léttari fæðu á kvöldin og taka til sín flóknari kolvetni og prótein svo dæmi séu tekin. Gott er að stunda slökun og samtalsmeðferð, jafnvel kynlíf, sem hefur slakandi og svefnbætandi áhrif. Þá beita margir hugrænni atferlismeðferð með góðum árangri og hefur komið á daginn að slík meðferð getur dugað jafnvel betur en lyfseðilsskyld svefnlyf sem oftar en ekki eru ofnotuð og fólk ánetjast að óþörfu. Sértækar meðferðir eins og við kæfisvefni eru fjölmargar en sumir þurfa að sofa með vél til að hvílast. Ef þú átt við svefnvanda að glíma ættir þú að skoða vel venjur þínar og ræða við lækninn þinn til þess að hægt sé að átta sig á því hvaða úrræði hentar þér og reyndu að forðast í lengstu lög að nota svefnlyf sé það mögulegt.



**Teitur Guðmundsson**
læknir

Doktor.is

# Barnið þurfi svigrúm

**Stuðningur og áheyrn er það sem barn þarf á að halda þegar foreldrar skilja. Börn eru afar ólík og upplifa breytingar af þessu tagi á mismunandi hátt.**

Algengasta áhyggjuefni foreldra sem hafa tekið ákvörðun um að skilja eru börnin þeirra. Hvernig það snerti þau, líðan þeirra og viðbrögð og hvernig þau takast á við slíkar breytingar. Slíkar áhyggjur valda því oft að foreldrið reynir að hughreysta, laga og jafnvel lofa án þess að átta sig á því hvað barninu er mikilvægast.

„Börn eru ólík, fjölskyldur eru ólíkar og foreldrar ná misgóðum tengslum við börnin sín. Systkini upplifa skilnað með mjög ólíkum hætti. Foreldrar þurfa að axla ábyrgð, sýna stöðugleika í samskiptum og gefa barninu svigrúm til að átta sig á breyttum aðstæðum. Það er meðal annars gert með stuðningi og áheyrn,“ segir Ragnhildur.

„Þegar kemur að unglingum og ungu fólki er mjög mikilvægt að foreldrar séu ekki að gera þau að sínum trúnaðarvinum og ætlast til að þau myndi sér skoðun á hinu foreldrinu. Hér þarf hver og einn í fjölskyldunni að fá svigrúm til að vinna úr breytingunum á mismiklum hraða.“

Eðlilegt er fyrir barn að fara í gegnum sorgarferli þegar foreldrar skilja. Í raun má segja að það sé engin ein leið sem er best því allt fer þetta eftir aldri og persónugerð barnsins sem og því samskiptamynstri sem hefur verið ríkjandi í fjölskyldunni.

„Ef við byrjum að skoða þetta út frá praktískum þáttum er best að upplýsa barnið þegar ákvörðunin hefur verið tekin og komin vissa í frekari framvindu. Út frá tilfinningalegu sjónarmiði er best að ræða við barnið á yfirvegaðan hátt án þess þó að gera lítið úr tilfinningum foreldra. Þetta er yfirleitt sorglegur atburður og þurfum við svigrúm til að upplifa og meðtaka, bæði foreldrar og börn. Mikilvægast er að foreldrar séu móttækilegir fyrir spurningum og tilfinningum barna sinna – þau þurfa sinn tíma,“ segir Hrefna.

Hrefna og Ragnhildur nefna að það þurfi að leita uppi vísbendingar hjá barninu, því oft eigi börnin erfitt með að segja frá eða segja hvað þau eru að upplifa. Það sé fólki eðlislægt að taka tillit til annarra og oft fara börnin að taka of mikið tillit til foreldra þar sem þau upplifa vanlíðan foreldra sinna.

Þá segja þær að nærsamfélag barnsins þurfi að vera eftirlitsaðili og fylgjast með breyttri hegðun og líðan barns.

„Við hvetjum foreldra sem eru að ganga í gegnum skilnað til að upplýsa kennara barnsins, þjálfara, skólahjúkrunarfræðing og foreldra vina, svo fátt eitt sé nefnt, um breytingarnar hjá barninu. Birtingarmynd vanlíðunar hjá börnum er misjöfn en getur komið fram í erfiðum tilfinningum líkt og depurð, reiði, sorg og söknuði. Einnig getur hegðunarmynstur breyst og komið niður á námsárangri, félagslegri þátttöku og almennum samskiptum,“ segir Ragnhildur.

Sumir eiga það til að hanga í ástlausu hjónabandi til þess eins að hlífa börnum sínum. Er það hollt?

„Þegar börn eru ung og skuldbindingar miklar finnst okkur að fólk eigi að vanda vel ákvörðun sína um að fara í sundur. Allt of margir gefast upp of fljótt, án þess að leggja á sig tíma, vinnu og einhug við að endurskapa það sem áður var gott,“ segir Hrefna.

„Hafandi sagt það er líka allt of algengt að fólk hangi í samböndum til að brjóta ekki upp fjölskyldumynstur en axlar ábyrgð á þeim óheilbrigðu samskiptum sem eiga sér jafnvel stað fyrir framan börnin. Börnin okkar læra nefnilega á parsambönd, ástúð og umhyggju í gegnum félagsmótun og eru þar foreldrar fremstir í flokki. Við spyrjum því oft fólk; hvernig fyrirmynd ert þú fyrir börnin þín þegar kemur að því að vera maki, í ástarsambandi, þegar eitthvað bjátar á og svo framvegis.“

**Þetta er yfirleitt sorglegur atburður og þurfum við svigrúm til að upplifa og meðtaka, bæði foreldrar og börn.**



Hrefna Hugosdóttir, sálfræðingur



# Engin klisja að vinna í sjálfum sér

Kolbrún Pálína Helgadóttir og Kristborg Bóel ákváðu að leiða saman hesta sína og gera þætti um skilnaði. Hugmynd þeirra á rætur sínar að rekja í persónulega reynslu þeirra beggja en Kristborg skrifaði bókina 261 dagur sem byggð er á dagbók hennar eftir skilnað.

„Sjálf hef ég alla tíð verið meðvituð um það að vinna í sjálfri mér og iðkað hina ýmsu andlegu vinnu til að stækka og þroskast. Þegar svo kom að þessari reynslu, að skilja, áttaði ég mig á því að ég kunni það ekki og átti engin verkfæri til. Ekki frekar en nokkur annar þegar ég fór að tala við fólk í sömu sporum. Enda hefur engum verið kennt að skilja,“ segir Kolbrún Pálína.

Hún segir þættina í raun svar við þeirri þörf að skilja hvað það raunverulega er að skilja og að fá samþykki fyrir öllum þeim tilfinningaskala sem fólk fer í gegnum í ferlinu, bæði andlega og líkamlega.

„Þættirnir hafa hins vegar tekið á sig stærri mynd því áður en maður skilur þarf víst ástarsamband eða hjónaband til. Við skoðum því mjög vel nútímasambönd, helstu álagsþætti þess og helstu orsök skilnaða í dag og hvort kröfur fólks til sambanda séu orðnar óraunhæfar.“



**Kristborg Bóel Steindórsdóttir**



**Kolbrún Pálína Helgadóttir**

Kolbrún segir þær stöllur hafa fengið mikla innsýn í ferli skilnaðar og að ákveðinn rauður þráður hafi myndast við vinnslu þáttanna. Sá snúi alfarið að einstaklingnum sjálfum.

„Fagfólk er almennt sammála um það að því betur sem þú þekkir sjálfa/n þig og þínar þarfir því betur ertu í stakk búinn fyrir gott samband. Því ef þú veist ekki sjálf/ur fyrir hvað þú stendur eða þekkir ekki langanir þínar og skoðanir nægilega vel geturðu ómögulega sett þá kröfu á aðra manneskju, eða sett það í hendurnar á öðrum að gera þig hamingjusama/n,“ segir Kolbrún.

„Þannig að það er engin klisja að fólk þurfi að vinna í sjálfu sér. Það er einfaldlega algjör nauðsyn. Sérstaklega eftir sambandsslit. Þá þarf fólk að staldra við og uppfæra sig og finna út úr sér áður en það heldur í næsta samband. Það sem hefur svo kannski komið hvað skemmtilegast á óvart er að finna hvað fólk tekur ofboðslega vel í að taka þátt í verkefninu svo það virðist vera mikil þörf fyrir það að ræða opinskátt um þessi mál. Loksins!“

Þættirnir eru sjö talsins og fara í sýningu á Sjónvarpi Símans í september en Kolbrún og Kristborg unnu þá í samvinnu við Sagafilm.



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Kirkjan



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Meðan Notre Dame dómkirkjan í París brann safnaðist fólk saman í grenndinni og sameinaðist í söng fyrir kirkjuna sína. Víða um borgina mátti sjá fólk á hnjánum biðjandi bænir. Allir báru þá heitu ósk í hjarta að það tækist að bjarga þessari sögufrægu byggingu frá því að verða rústir einar. Það tókst og nú hefst uppbyggingarstarf sem verður afar kostnaðarsamt. Enginn setur það samt sérstaklega fyrir sig. Það koma þeir tímar þegar ekkert annað er í boði en að byggja upp þar sem eyðilegging hefur orðið. Sá tími er nú í París. Frakkar eru sameinaðir í þeirri uppbyggingu og hafa heimsbyggðina með sér í liði og einhverja auðkýfinga. Það verður reyndar að viðurkennast að stundum er ansi erfitt að átta sig á því hvaða gagn auðkýfingar gera í þessum heimi. En ef þeir eru tilbúnir til að leggja einhvern hluta af auðæfum sínum til uppbyggingar á ómetanlegum menningarverðmætum, eins og Notre Dame, þá má vel kinka kolli til þeirra í viðurkenningarskyni. Auðkýfingarnir eru allavega loksins komnir á rétta braut, þótt þeir haldist þar sennilega ekki mjög lengi.

Þeir einstaklingar sem andvarpað hafa vegna umhyggju heimsbyggðarinnar fyrir örlögum Notre Dame og sagt að hún sé bara bygging virðast hvorki búa yfir miklu fegurðarskyni né tilfinningu fyrir menningarverðmætum. Þeim virðist hafa fundist það fremur kjánalegt að fólk skyldi bresta í grát vegna þess að aldagömul bygging var hugsanlega að verða eyðileggingu að bráð. Það er hægt að láta sér þykja vænt um margt í þessum heimi, þar á meðal byggingu eins og Notre Dame sem í augum margra er fallegasta tákn Frakklands. Hún er kirkja og hefur verið musteri trúar um aldir og það er nær ómögulegt að líta hana augum án þess að fyllast lotningu. Hinn sjálfhverfi nútímamaður hefur líka afskaplega gott af því að hrífast af einhverju öðru en sjálfum sér.

Það er sagt að Notre Dame sé miklu meira en bara bygging og meira en bara kirkja og það er vissulega rétt. En hún er samt kirkja, reist til að minna á dýrð almættisins og geymir mikla dýrgripi. Víða um heim standa voldugar gamlar kirkjur sem reistar voru guði til dýrðar á tímum þar sem ekkert var til sparað þegar kom að skreytingum. Ferðamenn af öllum þjóðernum hafa fyrir sið að fara þar inn og líta dýrðina augum. Þeir geta vart komist hjá því í leiðinni að fyllast lotningu í garð guðdómsins. Svo eru aðrar kirkjur þar sem lítið er um íburð, en altarið og krossinn minna samt á guðdóminn og helgina sem býr í öllum kirkjum. Enda er kirkja guðs hús og verður það hvort sem íburður blasir við eða er lítill sem enginn.

Nú berast þær fréttir að til standi að Notre Dame verði endurreist á fimm árum. Það er gott að fá þau tíðindi og sérstaklega nú fyrir páskahátíð þar sem kirkjur gegna stóru og veigamiklu hlutverki og minna mannkynið á stórkostlegan og eilífan boðskap um dauða og upprisu.

Landsmönnum öllum skal óskað gleðilegra páska.

**Kirkjur gegna stóru og veigamiklu hlutverki og minna mannkynið á stórkostlegan og eilífan boðskap.**




## Frá degi til dags

**Tröllasögur**

**Nettröllið býr í Garðabæ, gengur um í fallegum ullarjakka með vandaðan gráan trefil um hálsinn. Nettröllið gengur um í hvítum joggingbuxum með hannaða hárklippingu. Nettröllið er einhvers konar verðbréfavillingur í Garðabænum.**

**Guðmundur Andri Thorsson þingmaður hitti nettröllið við matarinnkaup í Garðabænum þar sem tröllið jós yfir hann fúkyrðum fyrir að leyfa komu innflytjenda til landsins og líkast til er hann einnig á móti þriðja orkupakkanum.**

**Einhvern veginn hefði talist líklegra, út frá staðalímyndinni, að nettröllið væri öðruvísi klætt, byggi líkast til annars staðar en í Garðabæ svo ekki sé nú talað um að það stundi matarinnkaup í Hagkaup af öllum stöðum.**

**Vanlíðanin**

**En þetta er kannski íslenski draumurinn í dag; þjóðarinnar káta angist að eiga við svona sæmd. Það þarf líka að kunna að dansa við svona andlit. Í hægri breytilegri átt nútímans verður það að vera okkar náðarkraftur að svara nettröllum á öllum vígstöðvum. Vonandi geta svona menn, sem sjá ógnina í hverju horni, sagt móður sinni að þeim líði vel.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Starfsnám opnar dyr



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Mikil tækifæri bíða þeirra stelpna og stráka sem ljúka starfs- og tækninámi. Atvinnulífið bíður starfskrafta þeirra en þorri þeirra félagsmanna Samtaka iðnaðarins sem vilja bæta við sig starfsfólki leitar að starfsmenntuðu fólki. Námið opnar dyr út í heim en starfsnám er viðurkennt innan Evrópu og veitir því útskrifuðum alþjóðlegt gjaldgengi. Þá er einfalt að fara í frekara nám fyrir þau sem það kjósa og er háskólamenntað fólk með starfsnám að baki mjög eftirsótt á vinnumarkaði.

Töfrarnir verða til þar sem handverk og hugvit mætast. Hjá helstu hátæknifyrirtækjum landsins starfar starfs- og tæknimenntað fólk – konur og karlar – og býr til búnað sem seldur er víða um heim. Maðurinn hefur í þúsundir ára unnið með málm og tré, gerir enn og mun áfram gera en störfin hafa sannarlega breyst í áranna rás. Málm- og véltæknigreinar fela í sér vinnu með tölvustýrð verkefni og í hönnunargreinum er sköpunin í fyrirrúmi svo dæmi séu tekin. Möguleikar á starfsnámi eru nær óþrjótandi enda eru um 100 starfsnámsbrautir í boði í framhaldsskólum landsins. Öll ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hlutfallslega hafa mun færri lokið starfsnámi hér á landi en gengur og gerist í nágrannaríkjum. Gjarnan er haft á orði að efla þurfi starfsnám. Staðreyndin er hins vegar sú að starfsnám er heilt yfir gott en okkar eigin viðhorf hafa gert það að verkum að fleirum hefur verið stýrt í bóknám heldur en í starfsnám. Þetta er nú sem betur fer að breytast.

Stefna stjórnvalda birtist með skýrum hætti í fjármálaáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Efst á blaði varðandi framhaldsskólastigið er að fjölga þeim sem ljúka starfs- og tækninámi. Þetta eru mikil tíðindi því bóknámi hefur hingað til verið gert hærra undir höfði en starfsnámi, einhverra hluta vegna. Einhver bestu meðmæli með þessari stefnumörkun stjórnvalda eru mótmæli einstaka skólamanna í bóknámsskólum. Vor starfsnámsins er runnið upp.

**Möguleikar á starfsnámi eru nær óþrjótandi enda eru um 100 starfsnámsbrautir í boði í framhaldsskólum landsins.**




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gráttu mig ei, Argentína

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

**Þannig er Argentína. Stundum er stórlöxunum sleppt. Stundum þurfa þeir að sæta ábyrgð.**

Buenos Aires – Sem ég gekk inn í tangóklúbbinn hér í Buenos Aires fyrir allmörgum árum, þá blasti þar við mér í móttökunni risavaxið gljáandi olíumálverk með þverhandarþykkum gullramma. Á myndinni voru tveir gleiðbrosandi miðaldra menn. Annan þekkti ég strax, Carlos Menem forseta Argentínu 1989-1999. Hann var auðþekktur af helztu höfuðprýði sinni, miklum börtum sem minntu einna helzt á myndir af séra Matthíasi Jochumssyni. Hinn reyndist vera eigandinn sem stóð sjálfur í miðasölunni og seldi mér aðgöngumiða á 50 pesóa. Ég átti ekkert smærra en 100 pesóa sem jafngiltu þá 100 Bandaríkjadölum. Hann gaf mér 50 til baka. Tangósýningin var svellandi fín.

**Sækjast sér um líkir**

Morguninn eftir fór ég út að kaupa mér dagblað og bað manninn í blaðsöluturninum afsökunar á að ég skyldi ekki eiga neitt smærra en þennan 50 pesóa seðil sem ég hafði fengið til baka kvöldið áður. Hann skilaði mér seðlinum aftur og sagði: Þetta eru 50 ástralar, þessir seðlar voru teknir úr umferð fyrir löngu. Ekki veit ég hvernig fór fyrir eiganda klúbbsins sem hafði afhent mér úreltan seðil, en Carlos Menem var dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi 2015 fyrir fjárdrátt. Efnahagsráðherrann og dómsmálaráðherrann í stjórn hans fengu þrjú ár hvor fyrir aðild að sama broti. Áður hafði forsetinn fv. þurft að greiða sekt fyrir mútuþægni. Það var hann sem hafði löngu fyrr náðað og leyst úr haldi herforingjana sem höfðu myrt þúsundir óbreyttra borgara og ráðizt á Falklandseyjar.

Þannig er Argentína. Stundum er stórlöxunum sleppt. Stundum þurfa þeir að sæta ábyrgð.

**Perón og Evita**

Argentína var ríkasta land heims árin fyrir aldamótin 1900 og hélzt í hópi ríkustu landa fram til 1930 þegar Kreppan mikla setti strik í reikninginn með því að taka fyrir kjötútflutning frá Argentínu. Herinn ruddist til valda. Eftir það tók að halla undan fæti.

Juan Perón var forseti Argentínu og einræðisherra 1946-1955. Hann bar kápuna á báðum öxlum. Hann var fv. herforingi og hermálaráðherra, greiddi götu þýzkra stríðsglæpamanna í Argentínu eftir heimsstyrjöldina og talaði jafnframt máli verkalýðsins gegn voldugum bændum og landeigendum. Hann hrökklaðist undan andstæðingum sínum í útlegð fyrst til Venesúelu og síðan til Spánar og kom síðan heim aftur til að setjast í forsetastólinn 1973-1974, þá undir merkjum lýðræðis. Honum var aldrei stungið inn.

Perón er þjóðsaga og það er einnig Eva, önnur eiginkona hans, sem ólst upp í sárri fátækt og talaði sig inn í hjörtu aðdáenda sinna. Hún varð heimsfræg af söngleik Andrews Loyd Webber og Tims Rice, Evita, sem fluttur var í íslenzkri þýðingu Jónasar Friðriks Guðnasonar í Íslensku óperunni 1997. Egill Ólafsson og Andrea Gylfadóttir fluttu hlutverk forsetahjónanna.

**Einræði, lýðræði, spilling**

Eftir valdatíma Peróns og herforingjanna héldu einræði og lýðræði áfram að dansa tangó í Argentínu í allmörg ár enn. Lýðræði komst á 1983 og hefur sú skipan staðið síðan þá þótt ekki dygði það til að kveða niður spillinguna. Eduardo Duhalde forseti Argentínu 2002-2003 sagði í viðtali við Financial Times strax eftir embættistöku sína: „Stjórnmálaforusta landsins er sjitt (hans orð, ekki mitt; stafsetningin er skv. Orðabók Menningarsjóðs), og ég tel sjálfan mig með.“ Alþingi sýndi af sér hliðstæða hreinskilni þegar það ályktaði einum rómi 2010 að „taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega“.

Hjónin Néstor Kirchner og Cristine Kirchner úr flokki Perónista voru forsetar Argentínu 2003-2015, hann 2003-2007 og hún 2007-2015. Þau auðguðust ótæpilega þessi ár. Hann dó 2010. Hún fékk síðan dóm fyrir spillingu en gengur laus þar eð hún nýtur friðhelgi sem þingmaður. Friðhelgin hlífir henni við handtöku en ekki saksókn.

Mauricio Macri var kjörinn forseti Argentínu 2015. Nafn hans fannst í Panama-skjölunum árið eftir. Dómstóll í Buenos Aires hreinsaði hann af grun um fjárböðun 2017, en hann er ekki sloppinn því rannsókn málsins heldur áfram. Þannig er Argentína.

Og þannig er Suður-Ameríka. Alberto Fujimori forseti Perú 1990-2000 situr inni. Lula da Silva forseti Brasilíu 2003-2010 situr einnig inni, en stuðningsmenn hans segja hann vera pólitískan fanga. Augusto Pinochet forseti Síle 1974-1990 var tjargaður, fiðraður og fangelsaður þótt hann slyppi of vel að margra dómi. Brot þessara manna eru ýmist efnahagsbrot eða mannréttindabrot nema hvort tveggja sé.


Helgihald um páskahátíðina

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK



Föstudagurinn langi
19. apríl kl. 17

Tónleikar – Spuni og íhugun.

Norski djasstrompetleikarinn **Arne Hiorth** mun flytja, ásamt **Sönghópnum við Tjörnina, Gunnari Gunnarssyni** og Hljómsveitinni **Möntru**, ómþíða föstu- og íhugunartónlist í bland við spuna á orgel og trompet.

Páskadagur
21. apríl kl. 9

Hátíðarguðsþjónusta á páskadagsmorgni.

**Séra Hjörtur Magni Jóhannsson** leiðir athöfnina. **Hjörleifur Valsson**, fiðluleikari, hljómsveitin **Mantra og sönghópurinn við Tjörnina** ásamt **Gunnari Gunnarssyni**, organista, leiða tónlistina. **Barnakórinn við Tjörnina** syngur undir stjórn **Birgit Djupedal**.

Páskaegg og messukaffi í safnaðarheimili að guðsþjónustu lokinni.





SJÁÐU FLEIRI FLOTTAR FERMINGARGJAFIR
elko.is/fermingargjafir



POLAROID
MINT LJÓSMYNDAPRENTARI
• Prentaðu myndirnar úr símanum á einfaldan hátt
• Bluetooth og NFC, það verður ekki einfaldara
• ZINK ljósmyndapappír, stærð 5,2x7,5cm
19.995



RAZER
LEIKJAVÖRUR
• Vandaðar leikjavörur frá Razer
• Fjölbreytt úrval í boði
VERÐ FRÁ:
8.995



BOSE
QUIETCOMFORT 35 II
• Bluetooth, NFC, 3,5mm jack
• Allt að 20 klst. rafhlöðuending
• Active Noise-Canceling
46.995



SAMSUNG
GALAXY WATCH ACTIVE
• Góður skjár með Always On Display
• Vatnshelt að 50metrum, innbyggt GPS
• Rafhlaða sem endist og endist
• Virkar með Strava, Spotify, o.fl. forritum
39.995

ELKO
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS



## Skólastjóri Oddeyrarskóla á Akureyri

**Staða skólastjóra Oddeyrarskóla á Akureyri er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. júní 2019.**

Oddeyrarskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur nú 186. Starfsmenn eru 46 og hlutfall fagmenntaðra kennara 100%. Skólinn vinnur eftir aðferðum SMT-skólafærni og byggir allt starf skólans á aðferðum lærdómssamfélagsins. Samvinna kennara er mikil og hefur starfsþróun verið öflug og markviss undanfarin ár. Aðstaða í skólanum er mjög góð og er innangengt í íþróttahús.
Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans
**http://www.oddak.akureyri.is/**

Skólastjóri er fyrst og fremst faglegur leiðtogi sem þarf að fylkja liði um stefnu skólans og árangursríka starfshætti. Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

**Menntunarkröfur:**
- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Meistarapróf sem nýtist í starfi er kostur
- Viðbótarmenntun í skólaþróun og/eða stjórnun er æskileg

**Hæfnikröfur:**
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og/eða reksturs grunnskóla
- Reynsla af vinnu í lærdómssamfélagi
- Reynsla af mannauðsmálum og hæfni í starfsmannastjórnun
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Gerð er krafa um vammleysi. s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2019**

Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is









# Ísland heldur fullum yfirráðum yfir orkuauðlindum




**Haraldur Benediktsson,**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins


Þriðji orkupakkinn hefur engin áhrif á forræði íslenska ríkisins yfir náttúruauðlindum. Full yfirráð yfir þeim verða áfram hjá íslenskum stjórnvöldum. Um þetta er fjallað með skýrum hætti í EES-samningnum sjálfum.

Þrátt fyrir að þetta sé skýrt er því haldið fram af andstæðingum málsins að Ísland tapi forræði yfir orkuauðlindum – og þriðji orkupakkinn fjallar ekki einu sinni um það. Þessar staðhæfingar eru ekki rökstuddar og halda ekki. En til að draga úr áhyggjum efasemdafólks gáfu framkvæmdastjóri orkumála hjá framkvæmdastjórn ESB og utanríkisráðherra Íslands út sameiginlega yfirlýsingu í mars sl. þar sem áréttað er að vegna sérstöðu Íslands sem einangraðs kerfis, hafi stór hluti ákvæða þriðja orkupakkans hvorki gildi né raunhæfa þýðingu hérlendis. Þá hafa nokkrir af færustu sérfræðingum landsins á þessu sviði fjallað um þetta og staðfest þennan skilning.

**Það er mikilvægt að við nálgumst umræðuna á yfirvegaðan hátt með staðreyndir að vopni.**

Nú eru liðin 16 ár síðan íslenski orkumarkaðurinn var markaðsvæddur með upptöku og innleiðingu á fyrsta orkupakkanum. Síðan 1993 hafa grunnreglur EES-samningsins um fjórfrelsið og ríkisstyrki gilt um íslenska raforkumarkaðinn og grunnreglur um samkeppnismál síðan 2003. Því hefur ekki fyrr verið haldið fram að með innleiðingunni höfum við afsalað okkur forræði yfir auðlindinni. Á því verður engin breyting nú.

Mikið hefur verið rætt um sæstreng. Ákvörðunarvald um raforkustrengi milli Íslands og innri raforkumarkaðar ESB liggur alfarið hjá íslenskum stjórnvöldum. Það er alveg ljóst að hann verður ekki lagður án aðkomu Alþingis og Ísland verður áfram án sæstrengs nema Alþingi ákveði annað. Að halda öðru fram er fjarstæða. Ákvörðun um lagningu sæstrengs, sem meðal annars myndi liggja um landgrunn í landhelgi Íslands, er háð fjölmörgum atriðum sem eru á forræði ríkja og falla utan gildissviðs EES-samningsins. Þannig er hvers kyns hagnýting landgrunnsins háð fullveldisrétti íslenska ríkisins. Þá verður með þriðja orkupakkanum ekkert ákvörðunarvald gagnvart EFTA-ríkjunum flutt til ACER (stofnunar ESB). Valdheimildir ACER ná að auki ekki til ákvarðana um hvort sæstrengur verður lagður.

Það er mikilvægt að við nálgumst umræðuna á yfirvegaðan hátt með staðreyndir að vopni. Nú er málið til meðferðar hjá Alþingi. Þar verður málið skoðað heildstætt og farið yfir öll rök í því. Ef allir gera það hef ég góða sannfæringu fyrir því að áhyggjur einstakra manna af því að við töpum yfirráðum yfir orkuauðlindum séu óþarfar.




MOSFELLSBÆR

**Afturköllun á auglýsingu**

Mosfellsbær auglýsti þann 17. apríl sl. eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi**

**Deiliskipulagsáfangi IV – Helgafellsland Mosfellsbæ**

Breytingin felur í sér að í stað 113 íbúða á deiliskipulagssvæðinu verði heimilað að byggja fleiri minni og fjölbreyttari íbúðir, samtals allt að 168 íbúðir. Heildar fermetrafjöldi bygginga minnkar úr 21.395 m² í um 19.000 m². Gatnakerfið breytist lítillega.

**Auglýsingin er hér með afturkölluð og felld úr gildi.**

17. apríl 2019
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL 2019



Allir sem hafa áhuga á tísku, efnum og sniðum ættu að líta inn í Náttúruminjasafnið í Kaupmannahöfn. Þar stendur yfir sýningin Fashioned from Nature sem fjallar um hvernig tískuiðnaðurinn hefur nýtt sér náttúruna í meira en 400 ár. →6

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.






Hér klæðist Karl Olgeirsson Benvenutto-djassjakka sem hann keypti fyrir Íslensku tónlistarverðlaunin. Buxurnar eru frá góðum vinum hans í Farmers Market og vaxborinn Stetson-hattinn fann hann í Berlín. Uppreimuðu leðurskóna hefur hann átt lengi en segist nota sparlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Klæðir sig í karakter

Karl Olgeirsson tónlistarmaður elskar liti þótt hann klæðist oft dökkum fötum. Pork pie-hattar eru í dag stór hluti af heildarútliti hans. →2

Framhald af forsíðu ➪

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Það er óhætt að segja að tónlistarmaðurinn Karl Olgeirsson sé senuþjófur sýningarinnar Einræðisherrann sem Þjóðleikhúsið frumsýndi fyrr í vetur en þar sér hann um tónlistarstjórn, píanóleik og leikhljóð með eftirminnilegum hætti. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt ferli því utan þess að spila á píanó á sviðinu allan tímann er ég líka að gera áhrifahljóð. Ég er því einn af leikurunum því tímasetningar mínar hafa áhrif á leikarana og tímasetningar þeirra á mig. Svo elska ég Chaplin eins og svo margir og leikhópurinn er skipaður tómum snillingum.“

## Næg verkefni

Utan Einræðisherrans er Karl á fullu í alls konar verkefnum. „Síðasta haust var ég að fylgja plötu minni og nótnabók úr hlaði. Um miðjan febrúar fæddist dóttir mín og það hefur nú aldeilis sett svip á lífið. Svo féllu mér Íslensku tónlistarverðlaunin í skaut sem lagahöfundur ársins og fyrir plötu ársins í djassflokki sem gaf plötunni og nótnabókinni byr undir báða vængi. Ég er að vinna í plötu með Jóhanni Helgasyni, undirbúa næsta leikverkefni í Þjóðleikhúsinu og að semja lög með orgeltríóinu mínu þannig að það er í mörg horn að líta.“ Og það er engin lognmolla fram undan. „Ég held litla tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum 17. maí þar sem ég ætla að flytja þessa fjórtán djasssöngva sem fengu tónlistarverðlaunin ásamt Siggu Thorlacius, Jóel Pálssyni og Togga Jóns. Síðan fer ég til Hong Kong að sýna Hróa Hött með Vesturporti og svo ætlum við Sigga Eyrún, unnusta mín, að láta gefa okkur saman í lok júlí. Þetta verður því sannarlega spennandi vor og sumar hjá mér.“

## Dettur í karakter

Hann segir gaman að klæða sig í karakterinn sem hann ætli að vera þá stundina. „Ég hef t.d. gaman af stílnum sem ég kalla New York-djassarann sem er svört hettupeysa undir frakka eða jakka, gallabuxur og Puma-skór. Annars hef ég nánast búið í 66°N-úlpunni minni í vetur. Hún er vegan, það er ekki dúnn í henni heldur eitthvert snilldarefni sem ég þekki ekki. Hún er létt en hlý og hentar á breiðu hitastigi. Hún hefur líka ýmis hólf þar sem ég geymi gleraugu og vaktarahúfu og annað sem ég kynni að nota.“

**Seinna var ég að spóka mig í honum og hitti Pál Óskar á gangi á Laugaveginum. „Ert þú byrjaður að klæða þig svona?“ spurði hann forviða. Ég veit ekki ennþá hvað hann meinti.**

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast?*

Ég hef alltaf verið svag fyrir dýrari merkjum en eignast þau yfirleitt sjaldan nema í gegnum útsölur eða á mörkuðum með notuð föt. Áþreifanlegasta þróunin hjá mér er samt pork pie-hatturinn sem ég uppgötvaði fyrir tilviljun á Portobello Road í London fyrir nokkrum árum. Mér var kalt á hausnum og var að leita að sixpensara sem hefur verið hattatýpan mín en sölumanni tókst að selja mér pork pie-hatt sem fór mér ansi vel. Síðan þá hef ég sankað að mér slíkum höttum þegar ég hef verið á ferðalögum í útlöndum.

*Hvernig fylgist þú með tískunni?*

Ég fylgist ekki með tísku nema með öðru auganu. Auðvitað sé ég greinar um hvað verði inni og úti hverju sinni en ég stekk ekkert út á sloppnum að ná mér í röndótta skyrtu þótt verið sé að mæla með því. Það er frekar að ég sjái einhvern af tónlistarmönnunum sem ég ber virðingu fyrir klæða sig á einn eða annan hátt og fái hugmyndir þaðan.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Margar af mínum uppáhaldsflíkum hef ég fengið í Herragarðinum en ég er sökker fyrir Sand og Bugatti. Annars reyni ég að hafa augun opin hvar sem ég fer.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Ég elska liti en oftast finnst mér dökkir litir fara mér best. Ég á reyndar töluvert af bláum jökkum einhverra hluta vegna. Það er gaman að skera sig úr á sviði en ég nota þá gjarnan skrautlega skó og hatta til þess.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*

Um 1990 sá ég tónlistarmyndband með Prince sem klæddist þar geggjuðum gulum jakka. Ég óskaði mér slíks jakka í jólagjöf og fékk einn appelsínugulan sem ég var mjög kátur með. Seinna var ég að spóka mig í honum og hitti Pál Óskar á gangi á Laugaveginum. „Ert þú byrjaður að klæða þig svona?“ spurði hann forviða. Ég veit ekki ennþá hvað hann meinti. Svo benti mér einhver á að Spaugstofan væri með einmitt svona jakka sem einkennisbúning í sjónvarpinu. Þá lagði ég mínum loksins.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?*

Ég á æðislegan Bugatti-frakka sem er léttur, fínn og grófur á stíliseraðan hátt. Hann er orðinn ansi slitinn en verður bara svalari með árunum. Ætli hann sé ekki hvað elstur í safninu.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?*

Það er hattabúð í Berlín sem ég hlakka til að heimsækja aftur. Zara á Champs-Élysées í París er með mikið af sviðsklæðum sem ég hef ekki séð í öðrum Zörum. Að vísu eru númerin heldur lítil þar …

*Áttu þér uppáhaldsflík?*

Ég hef oft átt flíkur sem ég hef tekið ástfóstri við, t.d. peysur, silkiskyrtur, skó og frakka. En í augnablikinu er engin flík í heiðurssætinu.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Bestu kaupin eru Filippa K-jakkaföt sem ég fann í Rauða krossinum í Lundi nánast gefins og alveg ónotuð. Ég hef oft keypt föt númeri of lítil sem ég hef ætlað að minnka niður í. Það eru án undantekninga slæm kaup.

*Notar þú fylgihluti?*

Ég er nýbúinn að fá mér geggjuð gleraugu frá Barton Perreira sem gera mig að betri manni. Svo hef ég hugsað mér að ganga með hring eftir brúðkaupið í sumar!



J. Philipp-vestið sem Karl klæðist hér segir hann vera nánast eins og smókingjakka. Þegar skyrtuermarnar fara upp fyrir flúrið losar Karl gjarnan um slaufuna. Röndóttu jakkafatabuxurnar eru frá Filippu K, keyptar í Rauðakrossbúð. Svörtu Puma-skórnir gera heildarútlitið afslappað. Pork pie-hatturinn er Bugatti, keyptur í Vinnufatabúðinni.



Sand-frakkinn er úr Herragarðinum og silfurskórnir frá Adidas. Hatturinn er fyrsti pork pie-hattur Karls, keyptur í London fyrir nokkrum árum.

NUTRILENK
öflugur liðstyrkur




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Stenströms.
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Jurgen Klopp með regnbogareimar gegn Watford í mars.



Klopp kíkir aðeins út á völl til að sparka tuðrunni í svörtum skóm.



Eitt rosalegasta fagn í ensku deildinni kom þegar Klopp og Allisson markvörður fögnuðu sigurmarki Divock Origi gegn Everton í desember. Hvort skórnir hafi hjálpað til skal ósagt látið.



Katrín, hertogaynja af Cambridge, birtist í New Balance-skóm þegar hún lék knattspyrnu við börn á Windsor Park-vellinum í lok mars. Katrín er hrifin af merkinu enda eru skórnir þægilegir og svalir. NORDICPHOTOS/GETTY




FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
GLEÐILEGA PÁSKA
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


# Hertoginn og hertogaynjan af New Balance

Nökkvi Fjalar Orrason tók við New Balance-merkinu á Íslandi fyrir rétt rúmu ári. Flestir viðskiptavinirnir eru konur á aldrinum 30-50 ára. Katrín hertogaynja elskar skóna og hertoginn á hliðarlínu Liverpool, Jurgen Klopp, sömuleiðis.


Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is




Það skemmir ekkert að þegar hertogaynjan er í strigaskóm er hún í skóm frá New Balance,“ segir Nökkvi Fjalar Orrason sem er umboðsaðili New Balance á Íslandi. Nökkvi kom inn í New Balance-reksturinn í fyrra og hefur ásamt Gunnari Birgissyni verið að vinna að því að gera merkið sýnilegra. Fyrir utan hertogaynjuna hjálpar einnig að vinsælasta knattspyrnulið landsins, Liverpool, spilar í merkinu og hertoginn á hliðarlínunni, Jurgen Klopp, birtist reglulega á skjáum landsmanna merktur New Balance.

Hertogaynjan af Cambridge, Katrín Middleton, eiginkona Vilhjálms Bretaprins, birtist í New Balance-skóm þegar hún lék knattspyrnu við börn á Windsor Park-vellinum í lok mars. Merkið hefur verið að sækja í sig veðrið að undanförnu víða um heim en Katrín fer ekki í neitt án þess að stílisti sé búinn að samþykkja útkomuna. Skórnir sem hún klæddist, New Balance Fresh Foam Cruz v2 Nubuck, kosta 68 dollara eða um átta þúsund krónur. Það kom lítið á óvart að skórnir seldust nánast upp í kjölfarið.

„Kannski er hún Púlari,“ segir Nökkvi og hlær. „Við finnum þvílíkt fyrir því hvað velgengni Liverpool hefur áhrif hjá okkur. Við fáum mikinn meðbyr þegar Liverpool gengur vel inni á vellinum og stór hluti okkar reksturs snýst um treyjur og fatnað tengdan Liverpool,“ bætir hann við.

Frá því Nökkvi kom í New Balance-liðið hafa sölutölur farið upp um 69 prósent á aðeins einu ári. Vörurnar eru orðnar sýnilegri og það eru ekki lengur bara alvöru hlauparar sem klæðast merkinu. „Það sem hefur komið mér mest á óvart er að stærsti kúnnahópurinn okkar eru konur á aldrinum 30-50 ára. Merkið hefur verið svolítið kennt við karlmenn á sama aldri en það er að þurrkast út. Við erum spennt að sýna að þetta er bæði hipp og kúl og síðasta árið fór í uppbyggingu en núna í vor og sumar verður keyrt á New Balance út um allan bæ.“



Í febrúar voru þau hjónakornin Katrín og Vilhjálmur á hlaupabrautinni. Þar valdi hertogaynjan New Balance.

> Við fáum mikinn meðbyr þegar Liverpool gengur vel inni á vellinum.
>
> Nökkvi Fjalar Orrason









## Um páskana er opið sem hér segir:

| Hátíðardagar | Kópavogslaug | Salalaug |
|---|---|---|
| 18. apríl - Skírdagur | 08:00–18:00 | 08:00–18:00 |
| 19. apríl - Föstudagurinn langi | 10:00–18:00 | 10:00–18:00 |
| 20. apríl - Laugardagur f. páska | 08:00–18:00 | 08:00–18:00 |
| 21. apríl - Páskadagur | Lokað | 10:00–18:00 |
| 22. apríl - Annar í páskum | 08:00–18:00 | Lokað |
| 25. apríl - Sumardagurinn fyrsti | 08:00–18:00 | 08:00–18:00 |
| 1. maí | Lokað | 10:00–18:00 |

**Sundlaugar Kópavogs**

kopavogur.is

# Tískan og náttúran þurfa að vinna saman fyrir umhverfið

Allir þeir sem hafa áhuga á tísku, efnum og sniðum ættu að líta inn í Náttúruminjasafnið í Kaupmannahöfn. Þar stendur yfir sýningin Fashioned from Nature sem fjallar um hvernig tískuiðnaðurinn hefur nýtt sér náttúruna í meira en 400 ár, bæði til góðs og ills fyrir umhverfið.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Erfingjar dönsku krúnunnar, þau Mary prinsessa og Friðrik prins, voru viðstödd opnun sýningarinnar í Naturhistorisk Museum í Kaupmannahöfn þann 13. apríl. Sýningin er byggð á sýningu í Victoria and Albert Museum í Lundúnum sem lauk í janúar og er í fyrsta skipti sýnd utan Bretlands. Glæsilegur og einstakur fatnaður frá helstu söfnum heims er sýndur á sýningunni, meðal annars frá Victoria and Albert Museum. Þá eru til sýnis alls kyns dýr úr náttúruvísindasöfnum sem notuð voru í tískuskraut eða eðalskartgripi.
Á sýningunni sem stendur fram í september geta gestir virt fyrir sér meira en 400 ára tískusögu. Það er því upplagt fyrir Íslendinga sem verða á ferðinni í Köben í sumar að líta inn og skoða herlegheitin.

Á sýningunni er lögð áhersla á notkun náttúrulegra efna í tískuiðnaði en einnig afleiðingar framleiðsluferla á umhverfið. Neysluvenjur okkar hafa sömuleiðis afleiðingar fyrir fjölbreytni dýra- og plöntutegunda á jörðinni. Á sama tíma er fagnað hvernig tískuhönnuðir notfæra sér innblástur fyrir mynstur, form og liti í hönnun sinni. Sýningin gefur sömuleiðis tóninn fyrir sjálfbærari framtíð með nýstárlegum hugmyndum.

Samband tísku og náttúru er flókið. Gestir eru beðnir um að skoða vel fataskápinn sinn og hvatt er til þess að huga að uppruna fatnaðarins.

Þess má geta að gríðarleg vatnsnotkun við ræktun og framleiðslu á bómull, losun eiturefna við litun og sútun vefnaðar og leðurs auk vöruflutninga á milli heimsálfa stuðla að því að gera tísku- og textíliðnað að þeirra atvinnugrein sem er hvað mest mengandi í heiminum.

Til dæmis eru notaðir 2.720 lítrar af vatni við gerð eins bols (T-shirt). Fataiðnaðurinn hefur tvöfaldast að vexti frá árinu 2000. Danir kaupa að meðaltali um 16 kg af nýjum fötum árlega á meðan einungis 30% í fataskápnum eru í notkun. Um 95% af þeim fatnaði sem er hent væri hægt að endurnýta. Sjálfbær efni geta orðið til úr plastflöskum eða trefjum úr appelsínum og vínberjum.



**Eyrnalokkar með fuglshöfði frá um það bil 1875.** MYND/VICTORIA AND ALBERT MUSEUM, LONDON



**Krónprinshjónin við opnun sýningarinnar í Náttúruminjasafninu í Kaupmannahöfn.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Mary krónprinsessa virðir fyrir sér safnið þar sem getur að líta sögufræga kjóla og annað skraut.**



**Black Moon eftir Ann Wiberg.** MYND/ANDERS DRUD JORDAN, STATENS NATURHISTORISKE MUSEUM Í KAUPMANNAHÖFN

**Fallega skreyttur kjóll frá árinu 1868-69.** MYND/VICTORIA AND ALBERT MUSEUM, LONDON



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Að sjá hið ósýnilega | 18:00 | Everybody Knows (ICE SUB) | 20:00 |
| Girl (ENG SUB) | 17:45 | Capernaum (ENG SUB) | 22:00 |
| Benjamín dúfa (ICELANDIC) | 18:00 | Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB) | 22:15 |
| Yuli-Carlos Acosta Story (ICE SUB) | 20:00 | Girl (ICE SUB) | 22:30 |
| Miszmasz czyli Kogel Mogel 3 (ENG SUB) | 20:00 | | |



# Skáld náttúrunnar og árstíðanna



Snorri Hjartarson var fæddur árið 1906 og lést liðlega áttræður árið 1986.

Snorri er skáld náttúrunnar og árstíðanna, skáld litanna og sólarinnar.

Ljóðabækur Snorra urðu fjórar talsins: Kvæði 1944, Á Gnitaheiði 1952, Lauf og stjörnur 1966 og Hauströkkrið yfir mér 1979. Fyrir þá síðastnefndu hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981.

Árið 1986 sæmdi heimspekideild Háskóla Íslands Snorra heiðursdoktorsnafnbót og er hann einn örfárra skálda sem hana hafa hlotið.

**SNORRI ER SKÁLD NÁTTÚRUNNAR OG ÁRSTÍÐANNA, SKÁLD LITANNA OG SÓLARINNAR.**






„Ég raða ljóðunum saman þannig að þau eru leitandi í byrjun og enda á sumarkomunni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Lít á lögin mín sem eitt verk við tólf ljóð

**Kór Neskirkju fagnar vori með útgáfutónleikum á annan í páskum vegna nýs hljómdisks, Tólf blik og tónar. Þar eru lög eftir stjórnandann, Steingrím Þórhallsson, við ljóð Snorra Hjartarsonar.**



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Steingrímur Þórhallsson, organisti og tónskáld, er að mixa kvikmyndatónlist þegar ég trufla hann. „Ég er að setja inn trommur í Dark-o-matic treiler. Það er hliðargrein hjá mér að búa til kvikmyndatónlist fyrir stórt breskt fyrirtæki. Skemmtilegt en skilar engu,“ segir hann léttur. „Það er gaman að semja en svo tekur langan tíma að ganga frá og hljómblanda.“

Gaman að semja, segir Steingrímur. Tilefni viðtalsins er einmitt tónleikar í Neskirkju með lögum eftir hann við ljóð Snorra Hjartarsonar. Þeir verða á afmælisdegi ljóðskáldsins, 22. apríl – annan í páskum, klukkan 20. Kór Neskirkju syngur.

„Ég lít í raun á lögin sem eitt kórverk við tólf ljóð Snorra Hjartarsonar, sem mörgum þykir vænt um, hann er svo íslenskt skáld, með sterkar náttúrustemningar í ljóðunum sínum. Við erum að gefa út disk með verkinu, hann heitir Tólf blik og tónar, enda virðist Snorri semja ljóðin á augnablikum í ævi sinni, uppi á heiði, í þokunni, sumarbirtunni eða haustmyrkrinu. Ég raða ljóðunum saman þannig að þau eru leitandi í byrjun en enda á sumarkomunni. Við frumfluttum þetta efni á sumardaginn fyrsta í fyrra og nefndum tónleikana Harpa kveður dyra. Nú erum við með útgáfutónleikana ári seinna – næstum upp á dag,“ segir Steingrímur og biður fólk að klappa ekki milli laga.

Ljósmyndin á umslagi disksins líkist málverki eftir Georg Guðna. Steingrímur kveðst hafa tekið hana sjálfur á Tunguheiði á Tjörnesi. Segir hjarta sitt dálítið bundið því svæði.

„Ég fór í göngu fyrir ofan bæinn sem afi og amma bjuggu á og tók myndavélina með. Á ákveðnum tímapunkti skall á þoka og allt í einu birtist fálki. Ég var auðvitað búinn að vera með þessi lög og ljóðin hans Snorra algerlega á heilanum og þarna sá ég þema disksins – lyng, þoku, leir, haust og fálkann sem er einn af einkennisfuglum íslenskrar náttúru. Reyndar var þetta svo langur labbitúr í ískaldri mýri að ég gat varla stigið í lappirnar í þrjár vikur á eftir! Auðvitað tengja ekki allir á sama hátt við myndina og ég en fólki finnst hún falleg.“

Gunnar Þorsteinsson les ljóðin á milli laga sem öll eru sungin undirleikslaust. Sum lögin eru samin í samvinnu við kórinn, að sögn Steingríms. „Þetta er krefjandi stykki fyrir kórinn. Það eru skiptingar hægri vinstri, sungið ýmist í sex eða átta röddum,“ segir hann og tekur fram að auk disksins komi út nótnahefti með verkinu.

## Ljóðin hans Snorra

**Leit**
**Myrkvi**
**Rökkur**
**Mater misericordiae**
**Ung móðir**
**Í náttstað**
**Haustmynd**
**Lyng**
**Tungl og stjörnur**
**Fölvi**
**Vef hlýjum heiðum örmum**
**Harpa kveður dyra**

# Hin ósýnilegu

**BÆKUR**

**Hin ósýnilegu**
★★★★☆

**Höfundur:** Roy Jacobsen
**Þýðandi:** Jón St. Kristjánsson
**Útgefandi:** Mál og menning
**Blaðsíður:** 266

Að draga fram lífið á harðbýlli eyju hljómar kunnuglega fyrir Íslendingum og víst er margt kunnuglegt í sögunni Hin ósýnilegu eftir Roy Jacobsen sem hefur fengið feiknagóðar viðtökur og er meðal annars fyrsta norska bókin sem tilnefnd er til Man-Booker-verðlaunanna.

Sagan gerist einhvern tíma í byrjun tuttugustu aldar og hefst með augum aðkomumanns, prestsins, sem kemur sjóveikur og ringlaður í embættiserindum á Barrey þar sem búa fimm manneskjur, systkinin Barbro og Hans, faðir þeirra, Martin, og eiginkona Hans, María. Og svo Ingrid sem er þriggja ára en sagan fylgir henni fram á fullorðinsár. Við sjáum samfélag þessara fimm einstaklinga fyrst utan frá með augum prestsins en verðum eftir þegar hann fer og kynnumst lífinu í eyjunni hjá þessu fólki sem mann fram af manni hefur barist þar fyrir lífi sínu og sinna, án þess að hafa afgerandi áhrif á heimssöguna sem vekur aftur spurninguna um hvað skiptir máli og hvernig líf er gott líf. Lýst er hversdagslegu brauðstritinu á eynni, sambúðinni við hafið og harðneskjuleg náttúruöflin en höfundurinn greypir þennan kaldranalega hversdagsleika í orð af svo mikilli list að hann verður töfrum slunginn, lýsingar á veiðarfærum, verkum og veðri grípandi og heillandi. Áður en lesandinn veit af er hann sokkinn í faðm Barreyjar, þar sem ytri gerningar veraldarinnar skipta svo litlu máli til móts við hvernig tekst að lifa frá degi til dags og reyna um leið að láta drauma um aðeins betra líf rætast. Það hvernig svo fámennur hópur fólks hefur samskipti, lifir og hrærist, vinnur saman og sundur er listilega vel fram sett og snertir án efa kunnuglegan streng í íslenskum lesendum sem eiga svo margir stutt að rekja ættir til afskekktra heiðarbýla eða smáeyja úti á fjörðum.

Í viðtali við Roy Jacobsen segist hann bera mikla virðingu fyrir stílsnilld Halldórs Laxness og Gunnars Gunnarssonar og það var ekki laust við að bærist bergmál frá þeim í þessari bók. Þýðing Jóns St. Kristjánssonar er einstaklega fallega unnin og lesandinn fær á tilfinninguna að lesið sé á frummálinu, svo fallega skapandi er íslenski textinn. Hin ósýnilegu er mögnuð bók sem hvílir lengi með lesandanum að lestri loknum. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Óvenjulega fallega skrifuð, áhrifamikil og heillandi bók um sambands manns og náttúru, fólks við hvert annað og staðinn sinn og svo ótal margt fleira.





Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?**

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.




LANDSSAMBAND SUMARHÚSAEIGENDA

**AÐALFUNDUR**

**Landssambands sumarhúsaeigenda.**

Verður haldinn, **þriðjudaginn 30. apríl** í SÍBS-húsinu,
Síðumúla 6 , Reykjavík **kl. 20:00**

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarstörf
Gestur fundarins; **Fulltrúi frá Garðyrkjufélagi Íslands.**
Kaffi

***Stjórnin.***

**Frjálsi**
lífeyrissjóðurinn



# Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa verður haldinn mánudaginn 13. maí kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á vef sjóðsins, **frjalsi.is**, tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um fimm aðalmenn og þrjá varamenn í stjórn. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en 7 dögum fyrir ársfund. Senda má tilkynningu um framboð auk nauðsynlegra gagna á netfangið **arsfundur@frjalsi.is**.

Nánari upplýsingar um fundinn, fyrirkomulag kosninganna og þau gögn sem frambjóðendur þurfa að skila inn til að staðfesta framboð sitt má finna á **frjalsi.is/arsfundur**.

Hægt er að skrá sig á fundinn á **frjalsi.is/arsfundur**

## Ávöxtun Frjálsa

Nánari upplýsingar á **frjalsi.is**




Hafa ber í huga að ávöxtun sjóðsins í fortíð tryggir ekki framtíðarárangur. Nánari upplýsingar um sjóðinn og fjárfestingarstefnu hans má finna á frjalsi.is.

## Allt eftir þínu höfði

Frjálsi leggur áherslu á valfrelsi, gagnsæi og góða upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Á nýrri vefsíðu og Facebook-síðu Frjálsa má finna ýmislegt áhugavert efni um starfsemi sjóðsins.

**Vissir þú að sjóðfélagar geta**

- **ráðstafað meirihluta skylduspamaðar** í erfanlega séreign?
- stjórnað sínum lífeyrismálum á **Mínum síðum**?
- valið á milli **ólíkra fjárfestingarleiða**?
- **kosið í stjórn** Frjálsa á ársfundi sjóðsins?

### Meginniðurstöður ársreiknings
(í milljónum króna)

**Efnahagsreikningur 31.12.2018**

| | |
|---|---|
| **Eignir** | |
| Eignarhlutar í félögum og sjóðum | 79.791 |
| Skuldabréf | 145.841 |
| Bundnar bankainnstæður | 1.017 |
| *Fjárfestingar alls* | 226.649 |
| Kröfur | 1.284 |
| Handbært fé | 9.800 |
| **Eignir samtals** | **237.733** |
| Skuldir | -732 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **237.001** |

**Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2018**

| | |
|---|---|
| Iðgjöld | 19.609 |
| Lífeyrir | -3.982 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 11.314 |
| Rekstrarkostnaður | -433 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 26.508 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 210.493 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **237.001** |

**Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2018**

| | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 3.737 |
| *Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum* | *5,5%* |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | 3.479 |
| *Í hlutfalli af heildarskuldbindingum* | *2,1%* |

**Kennitölur**

| | |
|---|---|
| Eignir í íslenskum krónum | 79,7% |
| Eignir í erlendri mynt | 20,3% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga[1] | 19.082 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 58.629 |
| Fjöldi lífeyrisþega[2] | 2.731 |

[1] Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
[2] Meðalfjöldi lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

| **Nafnávöxtun** | 2018 | Sl. 5 ár[3] |
|---|---|---|
| Frjálsi 1 | 4,4% | 5,9% |
| Frjálsi 2 | 6,4% | 6,1% |
| Frjálsi 3 | 7,1% | 5,3% |
| Frjálsi Áhætta | 4,3% | 6,3% |
| Tryggingadeild[4] (Bókfært virði) | 5,1% | 5,7% |
| Tryggingadeild (Markaðsvirði) | 5,6% | 6,3% |

[3] Á ársgrundvelli m.v. 31.12.2018.
[4] Hluti skuldabréfa er gerður upp á kaupkröfu.

Flest IPE-verðlaun íslenskra lífeyrissjóða

Investment & Pensions Europe (IPE) er evrópskt fagtímarit um lífeyrismál. Nánar má kynna sér árlega samkeppni IPE á IPE.com/awards.

# Íslensk páskahátíð á Rúv



## Litla Moskva

Skírdag kl 20.55

Íslensk heimildarmynd um Neskaupstað og þær breytingar sem hafa orðið á stjórnmálunum í bænum í tímans rás.



## Aldrei of seint

Föstudaginn langa kl 19.40

Heimildarmynd um Ídu Jónasdóttur Herman sem fékk fyrst íslenskra kvenna leyfi til að giftast bandarískum hermanni. Nú er hún komin á tíræðisaldur og ákveðin í að láta æskudraum sinn um að svífa um loftin blá rætast.



## Andið eðlilega

Föstudaginn langa kl 20.25

Íslensk kvikmynd sem fléttar saman sögur tveggja ólíkra kvenna, íslenskrar einstæðrar móður í húsnæðisvanda og hælisleitanda frá Gíneu-Bissá.




## Hvar og hvenær sem þér hentar

Úrvalssjónvarpsseríur í spilara RÚV til að njóta í heilu lagi yfir hátíðarnar, á ruv.is eða í RÚV-appinu fyrir snjalltæki.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Begga og Fress
**08.13** Rán og Sævar
**08.24** ÚmísúmíTeam Umizoomi
**08.47** Hæ SámurHey
**08.54** Hrúturinn Hreinn
**09.01** Alvinn og íkornarnir
**09.12** Djúpið
**09.33** Lóa
**09.46** Ernest og Célestine
**09.59** Minnsti maður í heimi
**10.00** Fótboltasnillingar
**10.30** Ungviði í dýraríkinu Krúttlegir dýralífsþættir um afkvæmi dýra. Þau búa á heimilum fólks, í dýragörðum og á bóndabæjum og við sjáum hvernig þau uppgötva heiminn og læra á umhverfi sitt. e.
**11.20** Rokkskólinn
**13.05** Kanarí
**13.15** Kanarí
**13.30** Juno
**15.05** Villta Patagónía
**16.00** E.T. Óskarsverðlaunamynd frá árinu 1982 í leikstjórn Stevens Spielbergs. Elliott finnur vinalega geimveru sem hefur villst, ákveður að hafa hana í felum heima hjá sér og gefur henni nafnið E.T. Þegar yfirvöld fá veður af geimverunni og vilja hafa afskipti af henni ákveður Elliott að hjálpa henni að komast aftur til heimaplánetu sinnar. Myndin var tilnefnd til níu Óskarsverðlauna og hlaut fern. e.
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Strandverðirnir
**18.09** Fótboltastrákurinn
**18.37** Sögur - Stuttmyndir Aftur í tímann
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Flóttinn hans afa Bresk gamanmynd, byggð á samnefndri barnabók eftir David Walliams um dreng sem ákveður að hjálpa afa sínum að flýja af elliheimili sem stjórnað er af hinni illu ungfrú Purku. Afi hans var eitt sinn flugmaður í breska flughernum og saman skipuleggja þeir háskalegan flótta. Leikstjóri: Elliot Hegarty. Aðalhlutverk: Tom Courtenay, David Walliams og Kit Connor.
**20.55** Litla Moskva
**21.55** Skáksaga Íslensk stuttmynd eftir Ingvar Stefánsson um skákeinvígi sem breytist í blóðugan bardaga.
**22.05** Áður en þú komst
**23.55** Þrestir Íslensk kvikmynd sem fjallar um Ara, 16 ára pilt, sem sendur er til æskustöðvanna vestur á fjörðum til að dvelja hjá föður sínum. Margt hefur breyst í plássinu síðan hann fór en Ari endurnýjar kynnin við Láru, æskuvinkonu sína. Leikstjóri: Rúnar Rúnarsson. Aðalhlutverk: Atli Óskar Fjalarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Rakel Björk Björnsdóttir og Rade Serbedzija. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.30** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Augusta Masters 2019.
**12.30** RBC Heritage
**15.00** Lotte Championship
**19.00** RBC Heritage Bein útsending frá RBC Heritage á PGA-mótaröðinni.
**22.10** Golfing World
**23.00** Lotte Championship Bein útsending frá Lotte Championship á LPGA-mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Happy Together
**08.20** The Good Place
**08.45** Will and Grace
**09.05** Life in Pieces
**09.30** The Kids Are Alright
**09.50** Happy Together
**10.15** The Good Place
**10.35** Will and Grace
**11.00** Life in Pieces
**11.20** The Kids Are Alright
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** The Voice US
**14.35** Með Loga
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.10** Fótboltastelpur
**18.30** Bílar 3 - ísl. tal
**20.10** Kokkaflakk
**20.50** Teenage Mutant Ninja Turtles
**22.35** Mission. Impossible
**00.25** Casino Royale
**02.45** Shot Caller
**04.45** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03** Varist þér og varist þérVarist þér og varist þér
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlist að morgni dags
**09.00** Fréttir
**09.03** Bókmenntahátíð. Roy Jacobsen
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Hyldýpi Fyrsti þáttur
**11.00** Guðsþjónusta í Kirkju Óháða safnaðarins
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**13.00** Frumsýningþorleifur og Mikael ræða saman
**14.00** Bærinn minn og þinn Fyrsti þáttur
**15.00** Útvarpsleikhúsið. SOL
**15.30** Undarlegt ferðalag
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Pétur og úlfurinn
**17.00** Ekki mitt stríð
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Meistari Morricone Fyrsti þáttur
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Íslenska óperan. La Traviata eftir Giuseppe Verdi
**21.40** Sveitin. Smásaga
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Sjúkdómsgreining. Ást
**23.05** Ég er þakklátur örlögunum
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.45** Dressmaker
**10.40** Leatherheads
**12.35** Jumanji. Welcome to The Jungle
**14.20** Dressmaker
**16.15** Leatherheads
**18.10** Jumanji
**20.00** Harry Potter and the Goblet of Fire
**22.40** Jumanji. Welcome to The Jungle
**00.40** Man of Steel
**03.05** Harry Potter and the Goblet of Fire

## STÖÐ 2

**07.00** Brúðubíllinn
**07.35** Áfram Diego, áfram!
**08.25** Ferdinand
**10.10** Skoppa og Skrítla í húsdýragarðinum
**10.50** Foodfight!
**12.20** The Swan Princess. A Royal Myztery
**13.40** Gilmore Girls
**14.25** Heimsókn
**14.45** Friends
**15.10** Two and a Half Men
**15.35** Wrecked
**16.00** Ísskápastríð
**16.35** Mom
**16.55** Anger Management
**17.20** Stelpurnar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.45** Sportpakkinn
**18.55** Litla Vampíran
**20.15** NCIS
**21.00** Whiskey Cavalier
**21.45** Barry
**22.20** Fifty Shades Freed
**00.05** The Sandhamn Murders
**01.35** Killing Eve
**02.20** High Maintenance
**02.45** Live by Night
**04.50** Land Ho!

## STÖÐ 3

**08.00** Grand Designs. Australia
**14.20** Grand Designs. Australia
**15.15** Heimsókn
**18.40** Heimsókn
**19.10** Last Man On Earth
**19.35** The Simpsons
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Mindy Project
**21.15** Supergirl
**22.00** Steypustöðin
**22.30** Burðardýr
**23.20** Newspaper Man. The Life and Times of Ben Bradlee
**00.50** The Simpsons
**01.15** American Dad
**01.40** Bob's Burgers
**02.05** Last Man On Earth
**02.30** The Simpsons
**02.55** Seinfeld

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Manch. City - Tottenham
**09.20** Porto - Liverpool
**11.00** Meistaradeildarmörkin
**11.30** Brighton - Cardiff
**13.10** Formúla 1. Kína - Keppni
**15.30** Þór Þorl. - KR. Leikur 4
**17.10** Domino's körfuboltakvöld karla
**18.00** Dominos deild karla
**20.15** Dominos deild karla
**22.00** Domino's körfuboltakvöld karla
**22.50** Valencia - Villarreal
**00.30** Lengjubikar kvenna - Úrslit

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Crystal Palace - Manch. City
**08.40** Frosinone - Inter Milan
**10.20** Chievo - Napoli
**12.00** Ítölsku mörkin
**12.30** Manch. City - Tottenham
**14.10** Porto - Liverpool
**15.50** Lengjubikar kvenna - Úrslit Bein útsending.
**18.00** Meistaradeildarmörkin
**18.30** Evrópudeildin - fréttaþáttur
**18.55** Chelsea - Slavia Prague Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
**21.00** AC Milan - Lazio
**22.40** Napoli - Arsenal
**00.20** Valur - Stjarnan

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Begga og Fress**
**08.13 Rán og Sævar**
**08.24 Úmísúmí**
**08.47 Hæ Sámur**
**08.54 Hrúturinn Hreinn**
**09.01 Alvinn og íkornarnir**
**09.12 Djúpið**
**09.33 Lóa**
**09.46 Ernest og Célestine**
**09.59 Minnsti maður í heimi**
**10.00 Fótboltasnillingar**
**10.30 Finnbogi og Felix**
**11.45 Ekki gera þetta heima**
**12.15 Grease**
**14.05 Í saumana á Shakespeare - Christopher Plummer** Í þessum þætti fjallar Christopher Plummer um Lé konung.
**15.00 Villta Patagónía**
**15.50 Landinn**
**16.20 Nanny McPhee Fía fóstra**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 KrakkaRÚV**
**18.06 Hvergidrengir**
**18.30 Sögur - Stuttmyndir, Dimmi hellirinn** Handrit: Arthur Lúkas Soffíuson. Leikstjórn: Hafsteinn Vilhelmsson.
**18.35 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Aldrei of seint** Heimildarmynd um Ídu Jónasdóttur Herman sem fékk fyrst íslenskra kvenna leyfi til að giftast bandarískum hermanni og flutti vestur um haf undir lok seinni heimsstyrjaldar. Þrátt fyrir að hafa búið í Bandaríkjunum í meira en 70 ár skilgreinir Ída sig alltaf fyrst og fremst sem Íslending. Nú er hún komin á tíræðisaldur og hefur ákveðið að láta æskudraum sinn um að svífa um loftin blá rætast. Umsjón: Alma Ómarsdóttir og Viktoría Hermannsdóttir. Dagskrárgerð: Birgir Þór Birgisson.
**20.25 Andið eðlilega** Íslensk kvikmynd sem fléttar saman sögur tveggja ólíkra kvenna, íslenskrar einstæðrar móður í húsnæðisvanda sem hefur starfsþjálfun við vegabréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli og hælisleitanda frá Gíneu-Bissá. Leikstjórn: Ísold Uggadóttir. Aðalhlutverk: Kristín Þóra Haraldsdóttir, Babetida Sadjo og Patrik Nökkvi Pétursson.
**22.05 Bíóást – Jesus Christ Superstar** Í vetur sýnir RÚV vel valdar kvikmyndir sem hafa valdið straumhvörfum í kvikmyndasögunni. Í þetta sinn er það rokkóperan Jesus Christ Superstar frá árinu 1973. Myndin byggist á frægum Broadway-söngleik eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice og segir frá síðustu dögunum í lífi Jesú Krists. Leikstjóri: Norman Jewison. Aðalhlutverk: Ted Neeley, Carl Anderson og Yvonne Elliman.
**23.55 Flöskuskeyti frá P**
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Lotte Championship**
**12.00 RBC Heritage**
**15.00 Lotte Championship**
**19.00 RBC Heritage** Bein útsending frá RBC Heritage á PGA-mótaröðinni.
**22.10 Golfing World**
**23.00 Lotte Championship** Bein útsending frá Lotte Championship á LPGA-mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Happy Together**
**08.20 The Good Place**
**08.45 Will and Grace**
**09.05 Life in Pieces**
**09.30 The Kids Are Alright**
**09.50 Happy Together**
**10.15 The Good Place**
**10.35 Will and Grace**
**11.00 Life in Pieces**
**11.20 The Kids Are Alright**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 The Voice US**
**13.50 Lifum lengur**
**14.25 Með Loga**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 How I Met Your Mother**
**18.00 Home - ísl. tal**
**19.30 The Voice US**
**21.00 Transformers. Age of Extinction**
**23.45 Mission. Impossible II**
**01.50 Quantum of Solace**

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Síðasta vika Jesú í Jerúsalem**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Stóð við krossinn mærin mæra**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.15 Hyldýpi Annar þáttur**
**11.00 Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**13.00 Horfðu, horfðu, sjáðu**
**14.00 Bærinn minn og þinn Annar þáttur**
**15.00 Útvarpsleikhúsið. SOL**
**15.30 Undarlegt ferðalag**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Ástin og dauðinn**
**17.20 Ég kveiki á kertum mínum**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Meistari Morricone Annar þáttur**
**18.50 Veðurfregnir**
**19.00 Jordi Savalll og Matthéusarpassía Bachs**
**21.00 Skýrsla til Grecos**
**21.32 Kvöldsagan. Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Vor í Wittenberg**
**23.00 Schola cantorum á Myrkum Músíkdögum**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.25 Gold**
**11.25 Lost in Translation**
**13.10 The Simpsons Movie**
**14.40 Gold**
**16.45 Lost in Translation**
**18.30 The Simpsons Movie**
**20.00 Harry Potter and the Order of Phoenix**
**22.20 Popstar. Never Stop Never Stopping**
**23.50 Batman v Superman. Dawn of Jus**
**02.20 Harry Potter and the Order of Phoenix**

## STÖÐ 2

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Brúðubíllinn**
**08.15 Gilmore Girls**
**09.00 Skoppa og Skrítla í Afríku**
**09.25 Blíða og Blær**
**09.50 Land Before Time. Journey to the Brave**
**11.10 Storkurinn Rikki**
**12.35 Bróðir minn ljónshjarta**
**14.30 Dagvaktin**
**15.00 Dagvaktin**
**15.30 Ghostbusters**
**17.15 Mom**
**17.35 Friends**
**18.00 Splitting Up Together**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Hótel Transylvania 3. Sumarfríið**
**20.30 Ready Player One**
**22.55 Paul, Apostle of Christ**
**00.45 Kingsman. The Golden Circle**
**03.05 Born to be Blue**
**04.40 Ghostbusters**

## STÖÐ 3

**09.05 The Great British Bake Off**
**18.05 The Great British Bake Off**
**19.10 Last Man On Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Simpsons**
**21.15 American Dad**
**21.40 Bob's Burgers**
**22.05 Steypustöðin**
**22.35 Burðardýr**
**23.25 Luck**
**00.15 Last Man On Earth**
**00.40 The Simpsons**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Friends**
**01.55 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.05 Lengjubikar kvenna - Úrslit**
**09.45 Valur - Stjarnan**
**11.25 Sheffield United - Nottingham Forest** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**13.30 1 á 1**
**13.55 Birmingham - Derby** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**16.00 Domino's-deild karla**
**17.50 Domino's körfuboltakvöld karla**
**18.40 Norwich - Sheffield Wednesday** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**20.45 Stjarnan - Keflavík. Leikur 4**
**22.25 UFC Now**
**23.15 UFC 236. Holloway vs. Poirier**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05 Juventus - Ajax**
**08.45 Barcelona - Manchester United**
**10.25 Meistaradeildarmörkin**
**10.55 Chelsea - Slavia Prague**
**12.35 Valencia - Villarreal**
**14.15 Napoli - Arsenal**
**15.55 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**18.55 Alaves - Real Valladolid** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.00 Chelsea - Slavia Prague**
**22.40 Evrópudeildarmörkin**
**23.30 Sheffield United - Nottingham Forest**
**01.10 Birmingham - Derby**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


Rás 2 um páskana



Skírdagur kl. 16-18
**POPP, PÓLITÍK OG PROCLAIMERS**
Arnar Eggert Thoroddsen rekur tengsl dægurtónlistar og sjálfstæðisbaráttu Skotlands í gegnum sögu hljómsveitarinnar The Proclaimers.




Skírdagur kl. 19.20
**BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**
Bein útsending frá lokakvöldi Blúshátíðar í Reykjavík þar sem fram kemur fjölbreyttur hópur íslenskra blúsara.



Föstudagurinn langi kl. 16-18
**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR RAGNHEIÐAR GRÖNDAL**
Upptaka af útgáfutónleikum plötunnar Töfrabörn í Gamla bíói 31. mars




Föstudaginn langa & laugardagskvöld kl. 19.20
**ALDREI FÓR ÉG SUÐUR**
Rokkhátíð alþýðunnar á Ísafirði. Bein útsending á Rás 2 og í mynd á RÚV 2 og RÚV.is.



Annar í páskum kl. 16–18
**HÆTTULEGAR KONUR**
Konur sem ollu ókyrrð, styggð, usla og hræðslu. Freyr Eyjólfsson dregur upp mynd af hættulegum konum.

RÁS 2 fyrst og fremst

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Hátt í hundrað ára og ennþá á fleygiferð

Ieda Herman er á tíræðisaldri en tekur sér ýmislegt fyrir hendur sem yngra fólk veigrar sér við. Óbilandi lífsgleðin heillaði þær **Viktoríu Hermannsdóttur** og **Ölmu Ómarsdóttur** sem frumsýna heimildarmynd um Iedu á RÚV á föstudaginn langa.

Þetta er mynd um 93 ára ævintýrakonu sem er fædd og uppalin á Íslandi en flutti til Bandaríkjanna í kringum miðja síðustu öld," segir Viktoría Hermannsdóttir sem ásamt Ölmu Ómarsdóttur fylgdi Iedu Herman eftir á ferðalagi hennar um Ísland síðasta sumar. Afraksturinn má sjá í myndinni Aldrei of seint, þar sem saga Iedu er rakin en myndin verður sýnd á föstudaginn langa á RÚV.

Ieda flutti til Bandaríkjanna um miðja síðustu öld eftir að hafa kynnst hér á landi bandarískum hermanni. Þrátt fyrir að hafa búið í



Ieda skemmti sér vel í svifvængnum í ferðalagi sínu á Íslandi síðasta sumar.





Það er ótrúlegur kraftur í Iedu.


Ieda og Delbert á Íslandi.

um sjötíu ár í Bandaríkjunum hefur Ieda aldrei gleymt uppruna sínum og er dugleg við að kynna íslenskar hefðir og venjur víða um Bandaríkin, meðal annars með því að gefa út bækur um æsku sína á Íslandi og matreiðslubækur um íslenska matreiðslu ásamt dóttur sinni. Eftir áttrætt fór Ieda að stunda alls kyns ævintýramennsku og nú þegar hún er orðin 93 ára reynir hún hvað hún getur að gera allt það sem hana langar til.

Þær Alma og Viktoría fylgdu Iedu eftir á ferðalagi hennar hér á landi á dögunum þar sem hún fór meðal annars í ísklifur og svifvængjaflug.

**Með áhuga á stríðsárunum**

„Þetta er mynd um 93 ára ævintýrakonu sem er fædd og uppalin á Íslandi en flutti til Bandaríkjanna í kringum miðja síðustu öld,“ segir Viktoría.

„Við höfum báðar mikinn áhuga á ástandsárunum og höfum fjallað um þau. Við vorum fyrst með hugmynd um að taka viðtöl við konur sem höfðu upplifað hið svokallaða ástand. Þannig komumst við í samband við Iedu sem telst reyndar ekki til ástandskvenna en kynntist hér bandarískum hermanni sem hún giftist og flutti með honum til Bandaríkjanna,“ segir Alma.

Viktoría gerði útvarpsþættina Ástandsbörn sem fjalla um börn íslenskra kvenna og hermanna. Í framhaldinu fylgdi hún eftir leit Bandaríkjamanns að hálfbróður sínum á Íslandi, en faðir hans hafði gegnt herþjónustu á Íslandi í seinni heimsstyrjöldinni.

Alma gerði heimildarmyndina Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum, sem fjallaði um hvernig ungar stúlkur sem áttu í samskiptum við hermenn á stríðsárunum voru teknar fyrir, þær jafnvel handteknar og settar á upptökuheimili. „Þessi áhugi okkar á stríðsárunum sameinaði okkur,“ segir Alma.

**Óbilandi lífsgleði**

Ieda segist hafa vitað að það var stundum illa séð ef íslenskar konur áttu í sambandi við erlenda hermenn á stríðsárunum, en hún hafi sjálf ekki upplifað það. Þegar Ieda og Delbert, eiginmaður hennar til sjötíu ára, kynntust var bandarískum hermönnum óheimilt að kvænast íslenskum konum. Ieda og Delbert voru fyrsta parið sem fékk leyfi til að giftast.

„En það sem heillaði okkur við Iedu er óbilandi lífsgleði hennar og bjartsýni, og endalaus orka sem hún virðist búa yfir, þrátt fyrir að vera hátt í 100 ára,“ segir Alma.

„Ieda er mjög athafnasöm og ævintýragjörn. Þau hjónin byrjuðu að kaupa og gera upp hús og selja þau aftur í kringum sjötugt. Þau gerðu upp á annan tug húsa. Eftir áttrætt fór ævintýraþráin að kitla Iedu enn meira og þá fór hún að gera alls kyns hluti sem hana hafði alltaf langað til að gera, til dæmis að fara í svifvængjaflug og klifur svo eitthvað sé nefnt,“ segir Viktoría.

**Lítur á sig sem Íslending**

„Hún er ótrúleg ævintýrakona sem lítur svo á að hún verði að gera sem mest á þeim tíma sem hún á eftir hér á jörð,“ segir Viktoría.

„Það er líka fallegt hvað tengingin við heimahagana er sterk, því þrátt fyrir að hafa búið í yfir sjötíu ár í Bandaríkjunum þá lítur hún alltaf á sig sem Íslending og heldur sterkt í íslenskar hefðir og venjur. Síðustu ár hefur hún ásamt dóttur sinni gefið út bækur um æskuna á Íslandi meðal annars. Þær ferðast víða um Bandaríkin til þess að kynna íslenskar hefðir og venjur,“ segir Alma.

„Lífsgleði hennar er smitandi og það er ótrúlegur kraftur í henni,“ segir Viktoría.

thorarinn@frettabladid.is


Ieda með Ölmu Ómarsdóttur og Viktoríu Hermannsdóttur.




SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

GRILLIÐ ER KOMIÐ

AÐ KVEÐA BURT SNJÓINN

AUSTIN AND BARBEQUE -

GÆÐA GRILL MEÐ FJÖLDA EIGINLEIKA



6+1 BRENNARA GASGRILL 59.999

AUSTIN AND BARBEQUE



4+1 BRENNARA GASGRILL 45.999



3 BRENNARA GASGRILL 31.999



FERÐA GASGRILL 10.999

GRILLIN FÁST Í VERSLUNUM SUPER1 Í FAXAFENI OG SMIÐJUVEGI.
GRILLIN SELJAST ÓSAMSETT Í KASSA.

ÞÚ FINNUR SUPER1 Á ÞREMUR STÖÐUM



HALLVEIGARSTÍG 1



FAXAFENI 14



SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10 - 22 ALLA DAGA




# Óléttustíll Meghan Markle

Vel hefur verið fylgst með hertogaynjunni af Sussex, Meghan, undanfarna mánuði, en hún gengur með sitt fyrsta barn, sem fæðast á síðar í vor.

Fatastíll Meghan á meðgöngu hefur þótt mjög flottur, en hún virðist vera hrifnust af þröngum kjólum.

Meghan velur oft einn lit til að klæðast frá toppi til táar og hefur oft yfirhöfnina í svipuðum litatón og kjólinn. Glamour hefur hér tekið saman flottustu óléttudress Meghan síðustu mánuði.



Skyrtukjóll endist lengi á meðgöngu.



Ljós og þröngur kjóll við kápu í svipuðum litatón.



Hvít skyrta við svart þröngt pils.



Svört við kápa er þægilegt og flott.



Mynstraður kjóll við gráa kápu.



Rykfrakkinn er ein klassískasta flíkin sem þú finnur.



Hvítt og hátíðlegt.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# DURAN DURAN

## LAUGARDALSHÖLL 25. JÚNÍ



MONO
TÓNLEIKAR & VIÐBURÐIR

MIÐASALA Á TIX 24. APRÍL KL. 10

tix.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kolbeins Marteinssonar




## Þegar ég fór í sveit

Ég fór í sveit að Hrauni í Ölfusi nokkur sumur á níunda áratugnum. Bóndinn, Ólafur Þorláksson, var duglegasti maður sem ég hef nokkru sinni kynnst enda maður sem hafði upplifað heimskreppuna og erfiðisvinnu allt sitt líf. Honum fannst ég alger aumingi fyrst enda samanstóð ferilskrá mín af starfsreynslu úr Unglingavinnu Kópavogs. Hann sagði það þó aldrei með berum orðum fyrr en síðar.

Eitt vorkvöldið skömmu eftir að ég hóf störf, inní fjósi, gerðist hræðilegur atburður. Þar sem ég stóð fyrir aftan eina kúna við spenaþvott fyrir mjaltir, fann ég hlandvolgt kúahlandið renna yfir höfuð mér og bak þar sem ég klöngraðist milli skepnanna. Meðan ég bölvaði og þurrkaði hlandið úr tárvotum augunum fann ég til algerrar uppgjafar og vonleysis. Hvernig gat nokkur maður átt svona lagað skilið?

Þessi hlandskírn í fjósamennsku var samt ekki alslæm og hún varð einhvers konar botn á sveitamennsku minni. Frá botninum getur leiðin bara legið beint upp á við. Enda hafði ég fengið skýr skilaboð að heiman um að enginn myndi sækja mig fyrr en að hausti. Sveitastörfin fóru svo að verða mér auðveldari og ég varð ánægðari með lífið og fólkið. Þegar svo Óli hrósaði mér í fyrsta skiptið fyrir vel unnin störf fékk ég gæsahúð og tár í augun af geðshræringu og lífið varð allt í einu helvíti gott.

Sveitin var góður skóli sem því miður er búið að loka að mestu fyrir borgarbörnum. Þarna lærði maður að vinna og skilning á því að árangur er oftast langhlaup og snýst um að gefast aldrei upp. Það verður allt betra á endanum. Ég held að íslenskur vinnumarkaður og samfélag yrðu miklu betri til framtíðar ef allir færu í sumarvinnu sveit. Helst með gusu af hlandvolgu kúahlandi.








